

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1983  
REYKJAVÍK 1984

*Setning, prentun, bókband:*  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

## EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag . . . . .	11
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður . . . . .	19
Fjármál ríkissjóðs . . . . .	29
Peningamál . . . . .	37
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir . . . . .	47
Gengismál . . . . .	51
Erlend mál og samningar . . . . .	54
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	57
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar . . . . .	63
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1983 . . . . .	70
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu) . . . . .	73
Efnahagsreikningur árið 1983 . . . . .	96
Rekstrarreikningur árið 1983 . . . . .	98
Skýringar við ársreikning Seðlabankans . . . . .	100
Skýringar við efnahagsreikning Ríkisábyrgðasjóðs . . . . .	103
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1983 . . . . .	104
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1977–1983 . . . . .	106
Stjórn bankans og starfslið . . . . .	108

## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun . . . . .	73
2. tafla. Framlag atvinnugreina til þjóðarframleiðslunnar . . . . .	74
3. tafla. Þjóðarauðurinn . . . . .	74
4. tafla. Fjármunamyndun . . . . .	75
5. tafla. Vísitölur verðlags . . . . .	76
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd . . . . .	77
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit . . . . .	78
8. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við . . . . .	78
9. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna . . . . .	79
10. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun . . . . .	79
11. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka . . . . .	80
12. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör . . . . .	80
13. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla . . . . .	80
14. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum . . . . .	81
15. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs . . . . .	82
16. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum . . . . .	82
17. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum . . . . .	83
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum . . . . .	83
19. tafla. Seðlar og mynt . . . . .	83
20. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok . . . . .	84
21. tafla. Ávísanavelta . . . . .	84
22. tafla. Úr peningamálum . . . . .	85
23. tafla. Úr reikningum Seðlabankans . . . . .	86
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana . . . . .	87
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana . . . . .	88
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða . . . . .	88
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða . . . . .	89
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða . . . . .	89
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1983 . . . . .	90
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða . . . . .	90
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana . . . . .	91
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands . . . . .	92
33. tafla. Nafnvextir á helstu flokkum inn- og útlána innlánsstofnana . . . . .	93
34. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári . . . . .	94
35. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll . . . . .	94

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR


## I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

### Megindrættir

Framvinda efnahagsmála á árinu 1983 einkenndist annars vegar af því, að efnahagsvandinn tók á sig mjög alvarlega mynd með samdrætti framleiðslu og tekna og mögnun verðbólgunnar, en hins vegar af því, að tekist var á við vandann með mjög róttækum aðgerðum. Varð af þeim sá árangur, að viðskiptahallinn þvarr verulega frá árinu áður og verðbólgan hjaðnaði frá sögulegu hámarki, um 130% á fyrri hluta ársins, niður fyrir 20% í árslok. Veikari þættir efnahagsmálanna voru um 1200 m.kr. greiðsluhalli ríkissjóðs og neikvæð lausafjárstaða innlánsstofnana um tæpar 1100 m.kr. í árslok jafnframt því sem innstreymi erlends lánsfjár var mikið, um 5,6 milljarðar kr. brúttó eða 2,9 milljarðar kr. nettó, og erlendar skuldir náðu um 60% af þjóðarframleiðslu. Gjaldeyrisstaðan lækkaði því fremur lítið í framhaldi af helmings rýrnun hennar árið áður. Ástand helstu fiskstofna versnaði á árinu, svo að það varð tilefni kvótaskiptingar afla með nýju ári, og afurðaverð erlendis sýndi nokkur veikleikamerki. Gengisþróunin í umheiminum reyndist hins vegar hagstæð útflutningi þjóðarbúsins að tiltölu við innflutning.

Efnahagslægðin í umheiminum náði lágmarki árið 1982 með aukningu eftirspurnar á OECD-svæðinu um aðeins 0,1% og samdrætti framleiðslu þess um 0,3%. Varð þá nokkur samdráttur í einstökum löndum eins og Bandaríkjunum og V-Þýskalandi, er vó upp vöxtinn annars staðar. Með árinu 1983 varð hins vegar almennur, en talsvert ójafn endurbati í hinum þróuðu löndum. Heildarframleiðsla OECD-svæðisins jókst þannig um 2¼%, þar af Bandaríkjanna um 3½% og Japans um 3%, en Evrópulanda OECD um aðeins 1%. Helsti aflvaki vaxtarins var eftirspurnarþróunin í Bandaríkjunum, er nam 4¾% og lyfti vexti eftirspurnar OECD-svæðisins upp í 2½% eða nokkuð umfram framleiðsluvöxt, en afleiðing þess er versnun viðskiptajafnaðar svæðisins út á við. Orsök aukinnar eftirspurnar er m.a. þrálátur og vaxandi ríkissjóðshalli Bandaríkjanna, er nam um 180 milljörðum dollara í fyrra, en um 3,9% af þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna að

### Ójafn efnahagsbati



frádregnum afgangi annarra þarlandra opinberra aðila. Hefur þessi halli ýtt undir háa vexti og þeir valdið innstreymi fjármagns, sem aftur hefur haldið uppi gengi dollars, en það hefur hamlað útflutningi og örvað innflutning jafnhliða beinum áhrifum eftirspurnaraukans í sömu átt.

## Viðskiptajöfnuður

Umræddur mismunur framleiðslu og eftirspurnar helstu iðnríkjanna hefur leitt til verulegs og vaxandi misvægis í viðskiptajöfnuði þeirra. Árið 1981 höfðu stærstu iðnríkin nánast jafnað halla sinn frá olíuverðhækkuninni 1979, en önnur iðnþróuð lönd ásamt olíusnaudum þróunarlöndum glímdu þá enn við verulegan viðskiptahalla, sem einkum átti sér mótvægi í viðskiptaafgangi olíuríkjanna. Frá því hefur viðskiptajöfnuður Bandaríkjanna snúist í halla, sem nam 42 milljörðum dollara á síðasta ári og horfur eru á að tvöfaldist í ár. Þar á móti hefur Japan skilað vaxandi afgangi, 22 milljörðum dollara í fyrra, og V-Pýskaland 5 milljarða afgangi, en önnur OECD-ríki nálguðust mjög jafnvægi og stefna enn í þá átt.

Á samdráttarskeiðinu fram til 1983 var einkum beitt peningalegum stjórnækjum til aðhalds: takmörkun peningamagns og háum vöxtum. Vaxandi ríkissjóðshalli var hins vegar ótilætluð afleiðing hins efnahagslega slaka fremur en markviss aðgerð. Að heildarmeðaltali sjö helstu OECD-ríkjanna náðu skammtímavextir 14–16%–bilinu fyrst og síðast 1980 og fram eftir 1981, en fóru þá ójafnt fallandi og síðan mjög ákveðið úr 13% á 2. fjórðungi 1982 í 9% í ársbyrjun 1983. Frá því hefur heldur orðið lækkun, en þó ekki teljandi. Langtímavextir náðu aldrei jafnhátt, nærri 14% um mitt ár 1981, en féllu síðan minna frá fyrri hluta 1982 og hafa síðan staðnað uppi undir 11%. Ber þessi munur langtímavaxta umfram skammtímavexti með sér vantrú á, að hinir síðargreindu eigi fyrir sér að lækka meira að sinni. Stöðnun nafnvaxta á þessu stigi við tiltölulega lága verðbólgu ber með sér áframhald hárra raunvaxta miðað við fyrri reynslu. Hafa þeir haldist lítt breyttir að áðurgreindu meðaltali frá vaxtahækkuninni 1979, en jafnast og orðið stöðugri nálægt 4% til skamms tíma og 6% til langs tíma.

## Vaxtaþróun

Bandaríkin hafa í meginatriðum verið í fararbroddi vaxtaþróunar, og hafa vextir þar verið mjög svipaðir því meðaltali stærstu ríkja, sem að framan greinir. Síðustu þrjú árin hafa Bandaríkin lengst af haldið um 2% hærri skammtímaraunvöxtum en umheimurinn í heild. Samfara þessu hefur meðalgengi dollars hækkað mjög eða um nálægt 40% til ársloka 1984 frá þeirri lægð, er það var að mestu í frá miðju ári 1978 til jafnlengdar 1980. Síðustu tvö árin hefur gengi dollars raunar einnig verið mjög hátt á allan sögulegan mælikvarða.

Fyrir áratug reis verðbólga OECD-svæðisins upp fyrir 13% í kjölfar mikils þensluskeiðs og stökkhækkunar olíuverðs. Í þeirri baráttu, sem á eftir fylgdi, vannst aðeins hálfur sigur, með verðbólgu á bilinu

## Verðbólga


8–9% árin 1976–78. Frá því reis verðbólgan næstum jafnhátt og áður með nærri 13% hækkun framfærslukostnaðar 1980. Þegar snúist var á ný gegn þenslunni með peningalegu aðhaldi, hjaðnaði verðbólgan jafnört og í fyrra skiptið, en ári lengur og niður í 5½%, sem virðist mynda lágmark verðbólgunnar að sinni, á svipuðu stigi og ríkti fyrir rúmum áratug.

Jafn ótvírætt og fram hefur komið, að eftirspurnaraðhald vinnur bug á verðbólgunni, hefur einnig sannast, að það hefur áhrif á atvinnuástand. Í því tilliti hefur orðið mjög óhagstæð þróun yfir síðustu tvær hagsveiflur, þar sem atvinnuleysið hefur aukist á samdráttarskeiðunum, en staðið í stað á endurbataskeiðunum á milli. Frá u.þ.b. 3½% atvinnuleysi af mannafla OECD-landa síðustu árin til 1974 hækkaði það í 5½% árin 1975–79, en hjaðnaði ekki með þeim sámilega hagsvexti, sem þá átti sér stað. Með afturkippnum árin 1980–82 jókst atvinnuleysið aftur hröðum skrefum upp í 9% 1983. Þessi stigmögnun atvinnuleysisins frá einu samdráttarskeiði til annars skýrist þó engan veginn af hagstjórnaraðgerðum einum saman, heldur einnig af langtímaskilyrðum mannafla, atvinnuþátttöku, tækniumbreytinga og auðlinda. Upp á síðkastið er þó heldur tekið að rætast úr atvinnuleysinu með talsverðri minnkun þess í Bandaríkjunum, en í Evrópu mun það enn vera fremur í nokkurri aukningu.

Efnahagsástandið í umheiminum hefur að sjálfsgöðu mikil áhrif á svo opið hagkerfi sem hinn íslenska þjóðarbúskap. Að öllum jafnaði hefur uppgangur verkað hagstætt á lönd með útflutning, sem er náttúrubundins hrávörueðlis eða staðlaðar grunnefnavörur, og þá því fremur sem þau eru hlaðin skuldum, sem bera fasta vexti, er léttast í verðbólgunni, eða ef vextir fara almennt lækkandi. Gagnstætt þessu verkar samdráttur óhagstætt, ekki síst þegar orsakir hans eru vaxtahækkun og þrengsli á lánamarkaði. Hlutskipti Íslands á undangengnu samdráttarskeiði er að verulegu leyti slungið saman af þessum þáttum, svo sem samdrætti eftirspurnar og verðfalli á stóriðjuvörum og saltfiski og markaðshruni skreiðar. Jafnframt því hefur freðfiskútflutningur átt í vök að verjast fyrir síharðnandi samkeppni frá Kanadaönnum. Á móti þessu hefur vegið, að styrkur dollars hefur létt undir með sölu á Bandaríkjamarkaði og verðskráning í dollurum hefur hjálpað til að viðhalda raunverði afurða til annarra landa, allt að eða umfram verðþol á þessum mörkuðum, svo að víða hefur þurft að slá af verði afurða. Slakt gengi innflutningsgjaldmiðla hefur og stuðlað að því að halda uppi viðskiptakjörnum og léttu undir með andófinu gegn verðbólgu. Á skuldahliðina hefur hækkun dollars og raunvaxta á alþjóðlegum lánamarkaði verið einhliða baggi á þjóðarbúinu.

Ytri aðstæður eru þannig aðeins einn þáttur þess andstreymis, sem að þjóðarbúinu hefur steðjað. Bættist hann við víðtækan brest þess

## Atvinna



## Ytri áhrif á þjóðarbúskapinn

## **Þríþættur efnahagsvandi**

aðlindagrundvallar, sem þjóðarþúið er reist á, og vanda af völdum verðbólguþróunar og almenns efnahagslegs misvægis. Við þennan þríþætta efnahagsvanda var að glíma á árinu og er enn. Veigamikil þáttaskil hafa orðið innan ársins, þar sem forgang hafði á fyrstu mánuðum að vinna bug á ytra misvægi. Eftir þingkosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar beindust aðgerðir fyrst og fremst að því að stöðva vixlverkun í verð- og launakerfinu og festa gengið við mark samkeppnishæfni gagnvart útlöndum. Fyrstu aðgerðir í þessa veru komu áföllunum á þjóðarþúið til nokkurn veginn fullra skila í skertum lífskjörum, en þær ásamt verulegum launabótum héldu verðbólgunni uppi fram eftir sumri. Tók þá við þriðja tímabilið innan ársins með ört hjáðnandi verðbólgu, föstu gengi og lækkun vaxta um meira en helming í fimm mánaðarlegum áföngum fram í janúar þessa árs.

## **Fiskstofnar og framleiðslusamdráttur**

Á undanförunum árum hafa fiskstofnar í hafinu umhverfis landið verið að veikjast, að því er virðist bæði af völdum breyttra lífsskilyrða svo sem sjávarhitans og mikillar sóknar hins stækkandi veiðiflota, sem jafnframt er æ betur tækjum búinn. Var þetta þegar komið fram í alvarlegri mynd árið 1982, þegar taka þurfti alveg fyrir loðnuveiðar og þorskaflinn dróst verulega saman. Enn alvarlegri mynd fékkst þó af ástandi fiskstofna á árinu 1983, þegar þorskaflinn dróst saman um nærri fjórðung, um 37,5% á tveim árum frá hámarkinu 1981, og stofnstærðarmat fiskifræðinga benti fram til enn harkalegri takmarkana á komandi ári, en það leiddi til lagasetningar um kvótakerfi. Þrátt fyrir endurvakningu loðnuveiða og lítils háttar magnaukningu heildarafla varð nálægt 5,2% minnkun hans á föstu verði og 6,6% samdráttur sjávarvöruframleiðslunnar. Þakka má endurbata annarra útflutningsgreina, að útflutningsframleiðslan í heild dróst ekki saman um meira en 3,3% eða um liðlega fjórðung þess samdráttar, er varð árið áður. Sala afurða gekk hins vegar greiðar en áður, og var gengið talsvert á birgðir, svo að heildarútflutningur vöru og þjónustu jókst um 9,0%.

## **Útgjöld og tekjur**

Bregðast þurfti við hinum mikla viðskiptahalla fyrra árs, 10% af þjóðarframleiðslu, og jafnframt við auknum vanda samdráttar í grundvallargreinum. Þetta varð til þess, að einkaneysla féll um 6% og fjárfesting um 13,6% jafnframt því sem samneysla jókst um 3%. Þessi viðbrögð drógu óhjákvæmilega enn frekar úr þjóðarframleiðslunni, sem minnkaði um 5,5%, en þjóðartekjur um 3,7% eða um tæp 5% á mann. Veigamestu aðgerðirnar til þess að ná umræddri aðlögun komu fram í skertum kaupmætti almennra tekna og er talið, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi minnkað um 13% frá fyrra ári. Árangurinn varð minnkun viðskiptahallans í 2,4% af þjóðarframleiðslu, en ekki nema í 5,2%, sé leiðrétt fyrir birgðabreytingum og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara.

Jafnframt þessu var geysior verðbólga í gangi, sem náði um 130%



## Verðbólgan

árshraða frá febrúar til maí, borin uppi af aðlögun gengisins næstum jafnharðan að hækkunum framleiðslukostnaði og breyttum raunskilyrðum sem og öðrum kostnaðartengdum verðhækkunum annars vegar, er vegnar voru upp með ársfjórðungslegum verðuppbótum launa hins vegar. Efnahagsaðgerðir þurftu því jöfnum höndum að koma fram aðlögun að áföllum á þjóðarþúið og stöðva verðbólguna, en það felur í sér, að lífskjaraáhrifum áfallanna þurfti að koma til endanlegra skila í takmörkun á neyslu almennings og annarri fjárráðstöfun þjóðarbúsins, án þess að það yrði jafnharðan tekið aftur með þeirri tekjutryggingu, sem felst í verðbótakerfinu. Þetta voru forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar, er tók við hinn 26. maí, en þeim fylgdu ýmsar hliðarráðstafanir til þess að draga úr áhrifum aðgerðanna á hag hinna verst settu.

## Gengið

Fram að gengisbreytingunni 27. maí hafði meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækkað um 36%. Var þá ákveðið að skrá það gengi, er staðið gæti nokkurn veginn óbreytt gagnvart öðrum áformuðum aðgerðum. Var þannig ákveðin 14,6% gengislækkun krónunnar, 17,1% hækkun erlendra gjaldmiðla eða alls 59% frá ársbyrjun, jafnframt því sem ákveðnar voru 8% launauppbætur í júní (10% á lágtekjur) og 4% í október, svo að til lengdar vógu þessar hækkanir hvor aðra að miklu leyti upp í afkomutilliti. Gengið hélst síðan nánast óbreytt til ársloka. Þessar gengisbreytingar ollu talsverðri lækkun á raungengi krónunnar og þá einkum á launakostnaði gagnvart útlöndum.

## Lánskjör

Verðbólgan hélt áfram nánast linnulaust til ágústbyrjunar, en þá lækkaði hún mjög snögg, og voru vísitölur verðlags reiknaðar mánaðarlega frá því. Frá þeim tíma til áramóta hækkaði framfærslukostnaður ekki nema um 22,4% á ársgrundvelli og byggingarkostnaður um 16,5%, en lánskjöravísitala mánuði síðar um 20,7%, en hún er misvegið meðaltal hinna tveggja ( $\frac{2}{3}$  og  $\frac{1}{3}$ ) með þessari töf. Þessi snögga og mikla breyting varð tilefni almennrar vaxtalækkunar í mánaðarlegum áföngum, sem alls urðu fimm fram í janúar þessa árs. Þörf strangs eftirspurnaraðhalds kallaði jafnframt á hærri raunvexti, sem ákveðnir voru jöfnum höndum í mynd vaxta af verðtryggðum lánum og með hækkun almennra nafnvaxta að tiltölu við verðbólguþig. Áhrif þeirra eru hins vegar háð því, að almenningur geri sér grein fyrir lækkun verðbólguþigs og afstöðu vaxtanna til þess.

## Inn- og útlán

Ákvörðun vaxta með hliðsjón af verðbólgu og mjög útbreidd verðtrygging eiga óefað stóran þátt í því, að heildarinnlán jukust um 80% eða nokkru meira en verðbólgan. Þrátt fyrir viðleitni til aðhalds jukust útlán innlánsstofnana um ívið meira eða um 81%, eftir að reiknað hefur verið með uppskrifun allra lánaflokka til áramóta. Peningaþensla frá greiðsluhalla ríkissjóðs og erlendum lántökum hefur ýtt talsvert undir innlánin, en á hinn bóginn hefur mikil eftirsókn eftir lánsfé af völdum erfiðleika í atvinnurekstri og einkafjárhag gert

bankakerfinu mjög örðugt að takmarka útlánin. Niðurstaðan varð því stöðugt framhald mjög neikvæðrar lausafjárstöðu innlánsstofnana, er nam 1.090 m.kr. í árslok eða 5,7% af innlánunum.

### **Ríkissjóður**

Fjárhagur ríkissjóðs stóðst ekki þá áraun, sem fólst í tiltölulega rýrnandi skatttekjum samfara ósveigjanlegum kröfum til ríkisútgjalda. Rekstrarhalli varð því um 1.500 m.kr. og greiðsluhalli um 1.260 m.kr., er kom að fullu fram sem útstreymi úr Seðlabankanum og nam 2,4% af þjóðarframleiðslu. Auk þessa fjárstreymis úr Seðlabankanum og óbeint utan að við rýrnun gjaldeyrisstöðunnar tóku ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar meirihluta erlendra lána á árinu eða 3,1 á móti 2,4 milljarða lántöku lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

### **Erlendar skuldir**


Erlendar lántökur voru meginþáttur peningabenslu á árinu og jukust verulega í krónum frá fyrra ári og umfram lánsfjáráætlun. Alls voru ný lán að fjárhæð 5,6 milljarðar kr., en nettólanntökur umfram afborganir námu um 2,9 milljörðum. Heildarskuld þjóðarinnar komst í árslok upp í 36,3 milljarða kr., en fært til meðalgengis ársins nam það 60% af þjóðarframleiðslu. Að meðtöldum stuttum fjármagnsliðum og gjaldeyrisstöðunni nam nettóstaðan við útlönd 58,4% af þjóðarframleiðslu. Hvort tveggja er langt umfram þau hlutföll, sem áður hafa komið fyrir. Greiðslubyrðin lækkaði þó lítið eitt frá fyrra ári og varð 20,7% af heildarútlutningstekjum, en það er hið næst hæsta, sem orðið hefur.

Heildarmyndin er þannig sú, að verðbólgan hefur verið færð með undraverðum hraða niður á þolanlegt stig að sinni. Tekist hefur að miklum hluta að jafna fyrra misvægi út á við. Hins vegar hefur nýr vandi komið upp og veipur fjárhagskerfisins komið áþreifanlega í ljós. Hjaðnandi verðbólga veitir þó sterkari aðstöðu til þess að glíma við þennan vanda.

## Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur

## II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Þjóðarframleiðslan árið 1983 dróst saman annað árið í röð. Íslenskt efnahagslíf gengur nú í gegnum fimmta samdráttartímabilið frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, en hin fyrri voru 1949–1952, 1957, 1967–1968 og 1975. Ekki er séð fyrir endann á núverandi samdrætti, en nú þegar er hann orðinn sá næstmesti mælt í samdrætti framleiðslu, en sá fjórði mesti mælt í minnkun tekna þjóðarinnar. Þessi samdráttur á sér rætur í minnkun sjávarafurðaframleiðslunnar vegna aflabrests á undanförunum tveim árum. Sjávarafurðaframleiðslan dróst saman um 6,6% árið 1983, en um 14,5% á árinu 1982. Sjávarafurðaframleiðslan minnkaði því um samtals 20% þessi tvö ár og varð á árinu 1983 lægri en nokkru sinni á árunum 1979 til 1983 og aðeins um 2,7% hærrí en 1978. Samdráttur sjávarafurðaframleiðslunnar samsvarar 1.058 m.kr. á verðlagi ársins 1981, en samdráttur vergrar þjóðarframleiðslu á sama tíma nemur 1.424 m.kr. Mismunurinn hér á skýrist af samdrætti innlendrar eftirspurnar á árinu 1983, sem nam um 10,5%, og hafði hann áhrif til samdráttar í framleiðslu fyrir innanlandsmarkað sem og í innflutningi.



Þjóðarframleiðslan á föstu verðlagi er mælikvarði á það framleiðslu-magn, sem fellur þjóðinni í hlut á hverju tímabili. Ef mæla á framleiðsluumsvifin í landinu, er nær að líta á svokallaða verga landsframleiðslu. Munurinn á henni og þjóðarframleiðslunni felst í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, þ.e. launum útlendinga á Íslandi, sem þeir flytja úr landi, að frádregnum innkomnum launatekjum Íslendinga erlendis, vaxtagreiðslum af erlendum lánunum að frádregnum vaxtatekjum af kröfum á útlenda aðila, og öðrum eignatekjum inn og út úr landinu. Þar sem kröfur Íslands á erlenda framleiðslu hafa lengst af verið minni en kröfur umheimsins á framleiðslu landsins, hafa tekjuhreyfingar gagnvart útlöndum verið neikvæðar og landsframleiðsla því meiri en þjóðarframleiðsla. Munurinn hefur farið vaxandi á undanförunum árum vegna aukinnar skuldsetningar landsins og hækkunar vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Á árunum 1970–1975 var landsframleiðslan 1,5% hærrí en þjóðarfram-

leiðslan, en þar áður hafði hún oftast verið um eða innan við 1% hærri. Á árunum 1976–1981 var landsframleiðslan hins vegar um 3% hærri en þjóðarframleiðslan, og sl. tvö ár hefur hún verið um 5–6% hærri en þjóðarframleiðslan. Með öðrum orðum, jafngildi 5–6% þess, sem er framleitt hér á landi, fer úr landi í formi vaxtagreiðslna af erlendum lánnum og annarra tekjuhreyfinga gagnvart útlöndum.


Verg landsframleiðsla er talin hafa dregist saman um 4,2% á árinu 1983 samanborið við 0,9% samdrátt á árinu 1982 og 2,2% aukningu 1981. Þar sem aukning varð á hreinum tekjuhreyfingum til útlanda, varð samdráttur þjóðarframleiðslunnar meiri eða 5,5% 1983 samanborið við 1,5% samdrátt 1982 og 1,6% aukningu 1981. Viðskiptakjörin bötnuðu á árinu um 4,3%. Þjóðartekjur minnkuðu því minna en þjóðarframleiðslan eða um 3,7%. Áætlað er, að þjóðartekjur á mann hafi minnkað um 4,7%. Þjóðartekjur á mann hafa samtals minnkað um 7,6% síðan 1981, og þarf að fara aftur til 1976 til að finna lægra stig þjóðartekna á mann. Þetta er til vitnis um, hve mjög hefur dregið úr hagvexti á undanförunum árum, en það sést nánar á meðfylgjandi töflu, sem sýnir árlega meðalaukningu landsframleiðslu, þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á mann á mismunandi tímabilum.

Tafla II.1. Framleiðsla og þjóðartekjur.  
(Árlegar breytingar í %)

	1952–81	1952–61	1962–71	1972–81	1982	1983
Verg landsframleiðsla	4,8	4,8	5,6	4,1	-0,9	-4,2
Verg þjóðarframleiðsla	4,7	4,5	5,9	3,7	-1,5	-5,5
Vergar þjóðartekjur	5,2	5,3	6,9	3,5	-1,8	-3,7
Vergar þjóðart. á mann	3,6	3,2	5,4	2,3	-3,1	-4,7


## Ráðstöfun

### Þjóðarframleiðslunnar




Einkaneysla dróst saman í fyrsta skipti síðan 1975 og varð samdrátturinn um 6% samanborið við 2% aukningu 1982 og 5% aukningu 1981. Samneyslan er talin hafa aukist um 3% samanborið við 3,8% aukningu 1982, en síðan 1951, þegar samneysla minnkaði um 1,8%, hefur hún ávallt aukist á hverju ári. Samneyslan nam um 13,0% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er jafn hátt og 1982, en það er hæsta hlutfall frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Næstu tíu ár fyrir 1982 var hún að meðaltali um 11,4% af þjóðarframleiðslunni og tíu ár þar á undan um 9,3%. Fjármunamyndun dróst saman um 13,6%. Þar af dróst fjármunamyndun atvinnuveganna saman um 14,4%, íbúðabyggingar um 8% og opinber fjárfesting um 15,7%. Opinber fjárfesting nam um 9% af þjóðarframleiðslunni, sem er heldur minna en 1982, þegar hún var 10,3%, og undir meðaltali árána 1972–1981. Fjárfesting í íbúðabyggingum nam um 5,1% af þjóðarframleiðslu, sem er heldur minna en 1982, en þá var hún 5,5%, og undir meðaltali 10 ára tímabilsins 1972–1981, sem var 6,3%. Ástæða þess er sú, að íbúðabyggingar drógust saman frá 1978 til 1981 um 15%, en þær juk-

ust síðan um 8,9% 1982. Annað árið í röð varð einna mestur samdráttur fjármunamyndunar atvinnuveganna í fiskveiðum eða um 19%. Fjárfesting í landbúnaði dróst saman um 14%, um 16% samdráttur varð í fjármunamyndun fiskvinnslunnar, 12% samdráttur varð í fjárfestingu iðnaðar og fjárfesting í verslunar-, skrifstofu- og gistihúsnæði minnkaði um 10%. Fjármunamyndunin í heild varð um 24,5% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 27,5% 1982. Fara verður aftur til ársins 1970 til að finna jafn lágt hlutfall fjármunamyndunar og þjóðarframleiðslu. Að meðtöldum birgðabreytingum, en birgðir minnkuðu á árinu, nam heildarfjárfestingin um 22,5% af þjóðarframleiðslunni. Á árinu 1982 nam fjárfestingin 30,3% af þjóðarframleiðslunni, sem er með því hæsta, sem það hlutfall hefur farið. Fara verður aftur til ársins 1954 til að finna lægra hlutfall fjárfestingar og þjóðarframleiðslu en á árinu 1983. Innlendir sparnaður var einnig líttill eða 20,1% af þjóðarframleiðslunni, sem var svipað og árið 1982, þegar hann nam 20,4%. Erlend fjármögnun fjárfestingarinnar eða viðskiptahallinn við útlönd nam því 2,4% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 10% halla 1982. Eins og ofangreindar upplýsingar bera þó með sér hefur þessi árangur ekki náðst með auknum innlendum sparnaði, heldur fyrst og fremst með samdrætti fjárfestingar, þ.á m. birgðarárnun á móti birgðaaukningu árið áður.



## Viðskiptakjör




Útflutningsverðlag í erlendri mynt hækkaði um 4,1% milli árana 1982 og 1983. Innflutningsverðlag lækkaði hins vegar um 0,2% í erlendri mynt, en um 5,4%, ef mælt er í dollurum. Viðskiptakjörin bötnuðu því um 4,3%. Útflutningsverð á áli hækkaði mun meira en tannað útflutningsverð eða um nær 17% í erlendri mynt. Útflutningsverð án verðs á áli hækkaði af þeim sökum minna en útflutningsverð í heild eða um 2,4%. Nær enginn munur var hins vegar á breytingu innflutningsverðs með eða án innflutnings til álverksmiðju. Ef inn- og útflutningur álverksmiðjunnar er frátalinn, bötnuðu viðskiptakjörin um 2,5%. Af einstökum liðum útflutningsins varð einna mest hækking á verði afurða stóriðjunnar. Áður var minnst á álið, en kísiljárn hækkaði í verði um rúm 14% í erlendri mynt og kísilgúr um 5%. Sjávarafurðir hækkuðu í verði um 2,5%, en um 4,3% lækking varð á verði landbúnaðarvara og um 2,2% lækking á verði annars iðnvæðingars en frá stóriðjufyrirtækjunum. Þessi lækking á verði iðnaðarvöru-útflutnings er án efa að nokkru til komin vegna lækkingar gengis Evrópumynta gagnvart Bandaríkjadollar, en iðnaðarútflutningurinn er hlutfallslega meiri til Evrópulanda en Bandaríkjana. Viðskiptakjörin án áls voru á árinu 1983 um 1,5% betri en þau voru 1979, árið sem seinni olíuverðshækkunin reið yfir, en um 11% lakari en 1978.

Heildarfiskaflinn varð 819.000 tonn, sem var um 33.000 tonnum meira en 1982. En þar sem aukningin varð fyrst og fremst í verðmíni

## Framleiðsla og hagur atvinnuvega

tegundunum eins og loðnu, en afli dýrari tegunda eins og þorsks minnkaði, varð verðmæti landaðs afla á föstu verðlagi 5,2% minna en 1982. Þorskaflinn á síðasta ári var 287.700 tonn eða svipaður og árið 1976, þegar hann varð 284.000 tonn. Botnfiskaflinn varð 588.600 tonn eða 101.100 tonnum minni en 1982. Þrátt fyrir að botnfiskaflinn hafi verið minni en á árunum 1980–1982, verður að hafa í huga, að þetta voru algjör metár, að því er afla Íslendinga varðar. Að frátöldum þessum árum hefur botnfiskaflí Íslendinga aldrei verið meiri en árið 1983 allan þann tíma, sem skýrslur ná yfir, þ.e. frá 1905. Síldaraflí hefur nokkuð verið að glæðast undanfarin ár, en á árinu voru veidd 58.100 tonn af síld. Þessi síldaraflí er þó ekki nema brot af þeim afla, sem náðist hér mestur á árinu 1966, eða nánar tiltekið 7,5%. Loðnuveiðar voru hafnar á ný á árinu, en þær voru stöðvaðar í desember 1981. Voru veidd um 135.500 tonn af loðnu á haustvertíðinni. Þrátt fyrir aflasamdrátt er ekki talið að hagur botnfiskveiðanna hafi versnað frá árinu 1982, og jafnvel talið mögulegt, að hann hafi verið ívið skárri. Ástæða þessa er m.a. sú, að fiskverð til útgerðar hækkaði um 99,4% eða vel umfram almennar verðhækkanir milli áruna 1982 og 1983.



Sjávarafurðaframleiðslan minnkaði um 6,6% á árinu samanborið við 14,5% samdrátt 1982 og 1,5% aukningu 1981. Mikil aukning varð þó í mjöl- og lýsisvinnslu eða 85%. Þessi aukning er frá mikilli lægð ársins 1982, en á því ári var nánast engin loðna veidd. Í samanburði við fyrri ár var framleiðslan hins vegar lítil. Frysting sjávarafurða er talin hafa aukist um 7%. Frystingin varð mjög svipuð og á fyrra metári, 1979. Verðþróun frystingarinnar var einnig hagstæð vegna gengisþróunar dollars og er því talið, að afkoma hennar hafi verið með besta móti á árinu. Var hún nokkru betri en á árinu 1982, en það ár var verg hlutdeild fjármagns í frystingu sjávarafurða um 15% af tekjum samanborið við 11,1% árin 1979–1981 og 8,9% árin 1975–1978. Hagur saltfiskverkunar var mjög slakur á árinu. Hún varð að þola óhagstæða verðþróun, og framleiðsla hennar minnkaði um 25%. Hagur herslunnar var þó enn verri, enda var nánast ekkert hengt upp á árinu, og miklar óseldar skreiðarbirgðir eru í landinu, jafnframt því sem mikil verðlækkun hefur átt sér stað. Í heild er talið, að hagur botnfiskvinnslunnar hafi verið ívið betri en á árinu 1982, en heldur slakari en á árunum 1980 og 1981.

Iðnaðarframleiðslan í heild er talin hafa aukist um 1,5%. Til samanburðar má geta þess, að iðnaðarframleiðslan jókst um 5,7% 1982 og 1,2% 1981. Álframleiðslan nam 76,2 þúsund tonnum og jókst um 1,3% frá fyrra ári. Framleiðsla kísiljárns jókst mikið eða um 19,3%, og nam framleiðslan 49,1 þúsund tonnum. Framleiðsla kísilgúrs jókst um 3,0%, en útflutningsframleiðsla annars iðnvarnings en

frá orkufrekri stóriðju jókst um 6,4%. Til samanburðar má geta þess, að útflutningsframleiðsla annarrar iðnaðarvöru minnkaði um 5,7% árið 1982. Í heild jókst útflutningsframleiðsla iðnaðar um 5,2% samanborið við aðeins 1,4% aukningu 1982. Sá hluti iðnaðar, sem framleiðir fyrir heimamarkað, stóð ekki eins vel að vígi. Að vísu jókst áburðarframleiðsla um 40%, en framleiðsla sements minnkaði um 8,5% og um 3% samdráttur varð í öðrum greinum. Landbúnaðarframleiðslan er talin hafa minnkað um 2% samanborið við 1% aukningu 1982. Árið var erfitt fyrir landbúnaðinn, m.a. vegna óþurrkasumars á Suðvesturlandi. Verslunarvelta jókst um 67% frá árinu áður, sem felur í sér um 8% magnsamdrátt miðað við verðvísitölu einkaneyslu.


## **Kaupmáttur og tekjur**

Engir kjarasamningar voru gerðir á árinu. Þó urðu ýmsar mikilvægar breytingar á sviði kjaramála. Mest urðu umskiptin með efnahagsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar 27. maí. Þessar aðgerðir höfðu það að markmiði að draga úr verðbólgu og rétta enn frekar stöðu þjóðarbúsins út á við. Á sviði kjaramála fólu aðgerðirnar í sér bann við vísitölutryggingu launa til 1. júní 1985 og framlengingu allra gildandi kjarasamninga til 31. janúar 1984. Fram til þess tíma máttu laun aðeins hækka um 8% 1. júní og 4% 1. október 1983. Lágmarkstekjur fyrir dagvinnu áttu þó að hækka um 10% 1. júní. Þessum aðgerðum fylgdu mildandi aðgerðir á sviði trygginga og skattamála til hagsbóta fyrir þá, sem lökust kjör og þyngst framfæri höfðu. Voru þær metnar á um 400 m.kr.

Áður en efnahagsaðgerðirnar í maí komu til hafði kaupmáttur kaup-taxta allra launþega rýrnað töluvert vegna helmingsskerðingar verðbóta 1. desember 1982 og mikillar aukningar verðbólgu á fyrstu mánuðum ársins 1983. Kaupmáttur kauptaxta var um 3,1% lægri á fjórða ársfjórðungi 1982 en að meðaltali á árinu 1982. Kaupmátturinn á fyrsta ársfjórðungi 1983 var 8,3% lægri en á árinu 1982 og lækkaði enn á öðrum ársfjórðungi og var þá orðinn 15,3% lægri en 1982, en þá voru áhrif efnahagsaðgerðanna að byrja að koma fram. Í kjölfar efnahagsaðgerðanna lækkaði kaupmáttur hratt, en þegar aðgerðirnar fóru að skila árangri í lægri verðbólgu á seinustu mánuðum ársins, dró mjög úr lækkun kaupmáttarins. Kaupmátturinn var á fjórða fjórðungi ársins um 25,3% lægri en að meðaltali á árinu 1982, en á milli árána 1982 og 1983 lækkaði kaupmáttur um 18,9%.

Þótt kaupmáttur kauptaxta gefi vissa vísbendingu um þróun launatekna, er hann á margan hátt gallaður mælikvarði, þar sem hann lítur framhjá launaskriði, tilfærslum milli tekjuhópa o.s.frv. Atvinnutekjur mæla þessa þætti, en þar sem notast þarf við upplýsingar í skattframtölum til að mæla þær með nokkurri vissu, líður ávallt

a.m.k. ár, þar til að góðar mælingar liggja fyrir á þeim. Allar atvinnutekjur, þ.e. launþega, sjómanna, bænda o.fl., eru taldar hafa hækkað um 56% 1983, en atvinnutekjur launþega eru taldar hafa hækkað um 55%. Miðað við 81,5% hækkun verðvísitölu einkaneyslu og áætlaða 1% mannaflaukningu minnkaði því kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann um 15% frá fyrra ári. Heildartekjur, þ.e. atvinnutekjur að meðtöldum eigna- og tilfærslutekjum, jukust um 59%, en kaupmáttur þeirra lækkaði um 13% á mann. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann lækkaði um 13%, en ráðstöfunartekjur eru heildartekjur að frádregnum sköttum.



Meðfylgjandi línurit og tafla II.2 sýna tekjuþróunina nokkur undanfarin ár. Tafla II.2 sýnir, að kaupmáttur atvinnutekna víkur ekki stórlega frá kaupmætti kauptaxta, þótt nokkru muni einstaka ár. Frá 1977 hefur kaupmáttur heildartekna á vinnandi mann vaxið meira en kaupmáttur atvinnutekna, þ.e. eigna- og tilfærslutekjur hafa vaxið meira en atvinnutekjur. Árið 1977 er valið sem grunnár, þar sem það er í miðri uppsveiflu tekna, þ.e. tekjurnar eru hærri en botnárin 1975 og 1976, en lægri en topparnir 1978 og 1979, og á það við um allar tekjuraðirnar í tölflunni. Taflan sýnir, að á öllu tímabilinu hafa heildartekjur og ráðstöfunartekjur vaxið meira en þjóðartekjur. Á árunum 1981 og 1982 uxu atvinnutekjur á vinnandi mann umfram þjóðartekjur á vinnandi mann sem nam 6,4%. Á árinu 1983 snýst þessi þróun hins vegar við, og atvinnutekjur falla um 10,7% umfram þjóðartekjur. Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann var svipaður í hlutfalli við þjóðartekjur á vinnandi mann og á árinu 1976.

Tafla II.2. Tekjuþróun.  
(1977=100)

	1978	1979	1980	1981	1982 <sup>1)</sup>	1983 <sup>2)</sup>
Kaupmáttur kauptaxta <sup>3)</sup> . . . . .	107,5	106,4	101,2	100,2	99,2	80,5
Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann <sup>4)</sup> . . . . .	103,1	102,6	98,4	98,3	97,0	82,6
Kaupmáttur heildartekna á v.m. <sup>4)</sup> . . . . .	106,8	109,2	107,8	109,2	109,0	94,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á v.m. <sup>4)</sup> . . . . .	105,7	107,3	106,2	108,1	107,8	94,0
Þjóðartekjur á v.m. . . . .	100,5	99,8	99,5	96,4	92,2	87,9


<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur. <sup>2)</sup> Áætlun. <sup>3)</sup> Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. <sup>4)</sup> Miðað við verðvísitölu einkaneyslu.

## Verðþróun

Árið var mjög sviptingasamt að því er verðbólguna varðar. Á fyrri hluta ársins var verðbólgan mjög mikil og fór vaxandi, en á síðustu mánuðum ársins hjaðnaði hún hins vegar ört. Þessar sviptingar voru fyrst og fremst af innlendum rótum runnar, því að innflutningsverð í erlendri mynt breyttist mjög lítið á árinu. Ástæður mikillar aukningar verðbólgunnar lágu hins vegar í mjög mikilli lækkun gengis krón-



unnar allt árið 1982 og fram eftir árinu 1983 og því, að grunnkaups-  
hækkunarir, sem samdist um í júní 1982 og komu til framkvæmda 1.  
janúar 1983 (2%) og 1. mars (0,8%) ásamt vísitölubindingu launa,  
viðhéldu verðbólguhraðanum. Til marks um lækkun gengisins má  
nefna, að frá fyrsta ársfjórðungi 1982 til fyrsta ársfjórðungs 1983  
hækkaði verð erlendra gjaldmiðla um 88%, sem var langt umfram  
verðhækkunarir á þessu tímabili. Verð erlendra gjaldmiðla hækkaði  
enn um 22% milli fyrsta og annars ársfjórðungs og var þá orðið um  
111% hærra en árið áður og raungengið um 13% lægra. Frá ára-  
mótum til 27. maí, þegar gengið var fellt um 14,6%, hækkaði verð  
erlendra gjaldmiðla um 59%, en var stöðugt eftir það út árið.



Ekki er til neinn einhlítur mælikvarði á verðbólgu-  
stigi á hverjum tíma mælt með svokallaðri miðsettri fjög-  
urra mánaða hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli. Er þá átt  
við hækkun framfærslukostnaðar tvo mánuði fyrir viðkomandi tíma-  
punkt og tvo mánuði eftir, og fá þeir mánuðir, sem fjær eru, helmingi  
minna vægi en þeir mánuðir, sem nær eru. Þannig verður verðbólgu-  
stigið í byrjun febrúar 1983 vegið meðaltal af hækkunum framfærslu-  
kostnaðar í desember 1982 og janúar, febrúar og mars 1983, þ.e.  
tímabilið, sem litið er á, nær frá 1. desember 1982 til 1. apríl 1983.  
Þessi verðbólgu-  
mælikvarði hefur það fram yfir venjulega 12 mánaða  
hækkun, að fortíðin vegur ekki eins þungt, en það er ókostur, að hún  
hafi mikið vægi, þegar miklar breytingar eru að eiga sér stað á verð-  
bólgunni. Meðfylgjandi línurit sýnir annars vegar tólf mánaða  
hækkun framfærslukostnaðar og hins vegar miðsetta fjögurra mánaða  
hækkun hans, mánuð fyrir mánuð 1982 og 1983. Myndin sýnir vel  
ris og hnig verðbólgunnar á árinu. Verðbólgu-  
stigið mælt með fjög-  
urra mánaða miðsettri hækkun framfærslukostnaðar er einnig sýnt á  
töflu II.3.

*Tafla II.3. Verðbólgu-  
(4 mánaða miðsett hækkun framfærslukostn. á ársgrundvelli í %)*

	1982	1983
Janúar . . . . .	45,0	93,1
Febrúar . . . . .	52,1	121,5
Mars . . . . .	53,3	131,8
Apríl . . . . .	51,9	128,9
Maí . . . . .	47,4	112,5
Júní . . . . .	49,1	109,2
Júlí . . . . .	65,7	83,8
Ágúst . . . . .	78,8	52,8
September . . . . .	86,8	39,7
Október . . . . .	80,7	30,9
Nóvember . . . . .	70,4	26,2
Desember . . . . .	73,1	15,6
Desemberlok . . . . .	..	10,6

Eins og sést á töflu II.3 nær verðbólgan því að vera um 130% í mars og apríl. Verðbólgan lækkar síðan nokkuð, en helst þó há mestallt sumarið vegna áhrifa gengisfellingarinnar í maí, launabóta í júní og mikillar hækkunar opinberra þjónustugjalda. Á haustmánuðum lækkaði verðbólgan hins vegar ört, enda hafði gengið verið stöðugt um hríð og áhrif afnáms verðbóta á laun gátu því komið fram að fullu. Undir lok ársins var verðbólguástigið komið niður í 10–15%.

Þrátt fyrir mikla lækkun verðbólgunnar á seinni hluta ársins verður árið 1983 að teljast mesta verðbólguár í sögu landsins. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 84,3% milli ársmeðaltala 1982 og 1983 og um 76,1% frá upphafi til loka árs. Hvort tveggja er met. Fyrri met hækkunar verðlags milli ára er frá árinu 1917, en þá hækkaði vísitala vöru og þjónustu um 64%, en fyrri þekkt met hækkunar verðlags frá upphafi til loka árs er frá árinu 1979, en þá hækkaði framfærslukostnaður um 60,6%. Að vísu gaf lækkun framfærslukostnaðar á síðasta ári að nokkru ýkta mynd af verðlagsþróuninni, þar sem niðurgreiðslur minnkuðu hlutfallslega. Án niðurgreiðslna hækkaði framfærslukostnaður um 79,6% milli ára eða svipað og bæði verðvísitala einkaneyslu, sem hækkaði um 81,5%, og verðvísitala þjóðarframleiðslu, sem hækkaði um 80%. Byggingarkostnaður hækkaði minna en vísitala framfærslukostnaðar, þar sem laun vega mun þyngra í byggingarkostnaði. Varð lækkun byggingarkostnaðar 70,2% milli ára, en 55,1% yfir árið. Árið 1983 varð því í alla staði viðburðaríkt á verðbólguviðinu.

### III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR


Próun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar varð mun hagstæðari á árinu 1983 en árið áður. Það á að verulegu leyti rætur að rekja til mismunandi breytingar útflutningsvörubirgða á hvoru ári fyrir sig, þar sem verðmæti útflutningsvörubirgða minnkaði um 1056 m.kr. á árinu 1983, en jókst um 1729 m.kr. 1982 reiknað á gengi ársins 1983. Gjald-eyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 16% miðað við árið áður, en verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um rúm 7%. Þetta hafði þau áhrif, að vöruskiptajöfnuður varð hagstæður um 0,8% af þjóðarframleiðslu á árinu 1983 á móti 6,0% halla á árinu 1982. Halli á þjónustujöfnuði varð 3,3% af þjóðarframleiðslu samanborið við 3,9% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði 1983 reyndist því 2,4% af þjóðarframleiðslu, en var 10% árið áður. Þrátt fyrir mikinn fjármagnsinnflutning nægði hann ekki til þess að jafna viðskiptahallann að fullu, og varð heildargreiðslujöfnuður óhagstæður um 143 m.kr., sem kom fram í samsvarandi lækkun gjaldeyrisstöðu. Svarar rýrnunin til 0,3% af þjóðarframleiðslu, en árið áður nam rýrnun gjaldeyrisstöðunnar 3,7% af þjóðarframleiðslu. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1982–1983, þar sem tölur fyrir árið 1982 hafa verið umreiknaðar til meðalgengis 1983 samkvæmt vísitölu meðalgengis.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Allur talnasamanburður árána 1982 og 1983 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1983, eftir því sem við á. Gjaldaliðir og neikvæðir jöfnuðir eru sýndir með mínusmerki (-).

*Tafla III.1). Greiðslujafnaðaryfirlit.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1983)*

	1982	1983
Innfluttar vörur f.o.b. . . . .	-19.608	-18.156
Útfluttar vörur f.o.b. . . . .	16.042	18.623
Vöruskiptajöfnuður . . . . .	-3.566	467
Þjónustujöfnuður . . . . .	-2.318	-1.730
Viðskiptajöfnuður . . . . .	-5.884	-1.263
Framlög án endurgjalds . . . . .	-106	-42
Fjármagnsjöfnuður . . . . .	3.788	1.162
Heildargreiðslujöfnuður . . . . .	-2.202	-143

## Útflutningur



Hin mikla aukning útflutnings á árinu 1983 átti eingöngu rætur að rekja til þess, að útflutningsvörubirgðir minnkuðu um 1056 m.kr. á árinu í stað aukningar um 1729 m.kr. á árinu 1982 reiknað á gengi ársins 1983, og munar þar mest um sveifluna í álbirgðum. Útflutningsframleiðsla í heild dróst saman um 3,3% á árinu 1983. Verðmæti álútflutnings rúmlega tvöfaldaðist, og útflutningsverðmæti kísiljárns jókst um 33,5%. Útflutningsverðmæti annarra iðnaðarvara jókst um tæp 5%, en verðmæti sjávarafurða um rúmlega 5%. Af sjávarafurðum jókst útflutningsverðmæti skelfisks hlutfallslega mest, þá skreiðar og frystra botnfiskafurða, en samdráttur varð í útflutningsverðmæti lýsis, mjöls og saltfisks. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða var svipað og árið áður, en nokkur undanfarin ár hefur orðið samdráttur í útflutningi landbúnaðarafurða.


Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1983)

	1979	1980	1981	1982	1983
Sjávarafurðir . . . . .	11.974	13.950	15.582	12.036	12.667
Par af: Saltfiskur . . . . .	1.762	2.344	3.251	2.984	2.206
Skreið . . . . .	293	1.400	2.477	581	742
Frystur þorskaflí . . . . .	5.251	5.332	5.230	5.213	6.148
Lýsi . . . . .	696	647	664	240	80
Mjöl . . . . .	1.542	1.512	1.289	458	388
Humar, rækja, hörpudiskur . . . . .	426	585	594	647	1.120
Saltsíld . . . . .	448	435	488	420	458
Landbúnaðarafurðir . . . . .	409	322	271	202	207
Iðnaðarvörur . . . . .	3.464	4.042	3.835	3.572	5.458
Par af: Ál . . . . .	2.159	2.265	1.932	1.612	3.273
Kísiljárn . . . . .	189	339	378	460	614
Aðrar iðnaðarvörur . . . . .	1.116	1.438	1.525	1.500	1.571
Aðrar vörur . . . . .	185	322	223	233	291
Útflutningur alls . . . . .	16.032	18.636	19.911	16.043	18.623

Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1983 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða í heildarútflutningi nam 68% árið 1983 á móti 75% árið áður, og er hin mikla aukning álútflutnings orsök þessa breytta hlutfalls.

Tafla III.3 sýnir skiptingu inn- og útflutnings eftir löndum. Engar teljandi breytingar urðu á skiptingu innflutnings eftir löndum, en aftur á móti töluverðar breytingar á skiptingu útflutnings, sem er afleiðing þess, að útflutningur saltfisks dróst saman, þannig að útflutningur til Portúgals féll úr 11,8% af heildarútflutningi 1982 í 6,1% 1983, og við það féll hlutdeild EFTA-landa úr 19,1% af heildarútflutningi 1982 í 14,9% 1983. Hlutdeild EBE-landa jókst úr 32,7% af heildarútflutningi 1982 í 34,7% 1983, og hlutdeild Norður-Ameríku úr 26,3% í 28,6%.

## Skipting inn- og útflutnings eftir löndum



*Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.  
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1979	1980	1981	1982	1983
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA	22,7	21,3	23,9	22,2	22,8
EBE <sup>1)</sup>	46,4	44,0	44,4	45,9	45,1
Austur-Evrópa	12,7	11,1	9,3	10,3	11,3
Norður-Ameríka	7,1	10,8	8,9	9,0	8,3
Önnur lönd	11,1	12,8	13,5	12,6	12,5
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA	13,6	15,1	17,7	19,1	14,9
EBE <sup>1)</sup>	39,8	38,7	31,3	32,7	34,7
Austur-Evrópa	8,1	8,9	7,9	8,4	8,0
Norður-Ameríka	28,5	22,1	21,5	26,3	28,6
Önnur lönd	10,0	15,2	21,6	13,5	13,8

<sup>1)</sup> Grikkland meðtalið.

*Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir.  
(Í m.kr. á gengi dollars í árslok 1983)*

	1979	1980	1981	1982	1983
Sjávarafurðir	2.761	2.891	3.614	5.385	3.826
Landbúnaðarafurðir	257	165	224	121	107
Kísilgúr	9	9	14	8	10
Al	172	386	709	1.026	114
Kísiljárn	78	97	105	67	91
	3.277	3.548	4.666	6.607	4.148

## Birgðir útflutningsvara


Tafla III.4 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1983. Verðmæti birgða lækkaði verulega á árinu 1983, gagnstætt því sem verið hefur undanfarin ár.

Tafla III.5. Vöruinnflutningur.  
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1983)

	Breyting í %		
	1982	1983	1982-83
Innfluttar vörur alls, f.o.b. . . .	-19.608	-18.156	-7,4
Sérstakar fjárfestingarvörur . .	-948	-655	-30,9
Skip og flugvélar . . . . .	-755	-587	-22,3
Vegna Landsvirkjunar . . . . .	-174	-68	-60,9
Vegna álbræðslu . . . . .	-19	-	...
Rekstrarvörur v/álbræðslu . . .	-1.162	-1.378	18,6
Rekstrarv. v/járnblendiverksm.	-183	-177	-3,3
Almennur innflutningur . . . .	-17.315	-15.946	-7,9

## Þróun innflutnings

Tafla III.5 sýnir f.o.b.-verðmæti innflutnings 1982 og 1983 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslega breytingu á árinu 1983 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti heildarinnflutnings hefur dregist saman um 7,4% á árinu. Almennur innflutningur dróst saman um tæp 8% og innflutningur sérstakra fjárfestingarvara um tæp 31%. Innflutningur vegna álbræðslu jókst hins vegar um 18,6%.



Tafla III.6. Almennur innflutningur.  
(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1983)

	1982			1983			Hlutfallsbreyting (%)		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annars	Alls	Olía	Annars	Alls
Janúar	131	791	922	195	722	917	48,9	-8,7	-0,5
Febr.	408	1.005	1.413	127	822	949	-68,9	-18,2	-32,8
Mars	89	1.328	1.417	87	1.145	1.232	-2,2	-13,8	-13,1
Apríl	224	1.168	1.392	128	1.042	1.170	-42,9	-10,8	-15,9
Máí	111	1.528	1.639	99	1.286	1.385	-10,8	-15,8	-15,5
Júní	148	1.852	2.000	202	1.584	1.786	36,5	-14,5	-10,7
Júlí	362	1.542	1.904	460	1.294	1.754	27,1	-16,1	-7,9
Ágúst	343	1.280	1.623	437	1.266	1.703	27,4	-1,1	4,9
Sept.	340	1.671	2.011	426	1.406	1.832	25,3	-15,9	-8,9
Okt.	154	1.471	1.625	285	1.481	1.766	85,1	0,7	8,7
Nóv.	642	1.561	2.203	398	1.547	1.945	-38,0	-0,9	-11,7
Des.	292	1.416	1.708	336	1.455	1.791	15,1	2,7	4,9
	3.244	16.613	19.857	3.180	15.050	18.230	-2,0	-9,4	-8,2
I. ársfj.	628	3.124	3.752	409	2.689	3.098	-34,9	-13,9	-17,4
II. ársfj.	483	4.548	5.031	429	3.912	4.341	-11,2	-14,0	-13,7
III. ársfj.	1.045	4.493	5.538	1.323	3.966	5.289	26,6	-11,7	-4,5
IV. ársfj.	1.088	4.448	5.536	1.019	4.483	5.502	-6,3	0,8	-0,6

Tafla III.6 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1982 og 1983 skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu

meðalgengi ársins 1983, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1982 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1983. Tölur í þessari töflu eru á c.i.f-verði, en í töflu III.5 eru innflutningstölur á f.o.b.-verði. Verður bæði þetta og munur á gengisumreikningi til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna um hlutfallsbreytingu í töflum III.5 og III.6. Eins og sjá má í töflu III.6 dróst almennur innflutningur saman um 8,2% á árinu 1983, en sé innflutningur olíu, sem dróst saman um 2%, undanskilinn, nam samdráttur annars almenns innflutnings 9,4%. Mestur varð samdráttur innflutnings á fyrstu níu mánuðum ársins, en almennur innflutningur annar en olía dróst á þeim tíma saman um 13% miðað við sama tímabil árið áður. Á síðasta ársfjórðungi varð hins vegar lítils háttar aukning miðað við sama ársfjórðung árið áður. Á árinu 1982 var þróunin hins vegar sú, að mikil aukning varð á innflutningi á fyrri helmingi ársins, en samdráttur verulegur á síðari helmingi þess, einkum síðasta ársfjórðungi.


## Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1983 varð hagstæður um 467 m.kr. á móti 3566 m.kr. halla á árinu 1982 umreiknað á meðalgengi 1983 og batnaði því frá árinu áður um 4033 m.kr. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1982 og 1983 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem lækkuðu um 1056 m.kr. 1983 á móti aukningu um 1729 m.kr. 1982, lækkar mismunurinn um 2785 m.kr. eða í 1248 m.kr., og sé þar að auki sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist vöruskiptajöfnuður aðeins 955 m.kr. hagstæðari 1983 en árið áður.


Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.  
(Í m.kr. á meðalgengi 1983)

	1982	1983	Breyting í % 1982-83
Þjónustujöfnuður . . . . .	-2.318	-1.730	
Innflutt þjónusta, alls . . . . .	-10.991	-10.563	-3,9
Útflutt þjónusta, alls . . . . .	8.673	8.833	1,8
Útgj. af ferða- og dvalarkostnaði	-1.724	-1.660	-3,7
Tekjur af erlendum ferðamönnum	594	682	14,8
Útgjöld vegna samgangna . . . . .	4.380	3.860	11,9
(þar af v/flugfélaga) . . . . .	(-2.225)	(-2.026)	(-8,9)
Tekjur af samgöngum . . . . .	-4.314	-4.233	-1,9
(þar af v/flugfélaga) . . . . .	(2.834)	(2.541)	(-10,3)
Vaxtagjöld . . . . .	-3.434	-3.405	-0,8
Vaxtatekjur . . . . .	643	355	-44,8
Útgjöld vegna trygginga . . . . .	-303	-385	27,1
Tekjur af tryggingum . . . . .	189	295	56,1
Tekjur af varnarliði, nettó . . . . .	2.060	2.156	4,7
Ýmis útgjöld . . . . .	-1.150	-1.253	9,0
(þar af v/álbræðslu) . . . . .	(-428)	(-344)	(19,6)
Ýmsar tekjur . . . . .	873	1.112	27,4

## Þjónustujöfnuður



## Viðskiptajöfnuður



Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, samgöngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti reynast þjónustutekjur hafa numið 8833 m.kr., og er það aukning um aðeins 1,8% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu 10.563 m.kr., sem er 3,9% samdráttur frá árinu áður. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 1730 m.kr., sem er verulegur bati frá fyrra ári, en þá reyndist hann óhagstæður um 2318 m.kr. Útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar drógust saman um 3,7% á árinu og er það í fyrsta skipti síðan 1975, sem samdráttur hefur orðið á þeim lið. Tekjur af erlendum ferðamönnum jukust um tæp 15%, og er það hlutfallslega nokkru minni aukning en árið áður. Útgjöld vegna samgangna drógust saman um 12%, en tekjur um 2%. Námu nettótekjur af samgöngum nú 373 m.kr., en árið áður námu nettóútgjöld 66 m.kr. Vaxtagjöld lækkuðu lítið eitt, en vaxtatekjur lækkuðu um 45%, enda rýrnaði gjaldeyrisforði Seðlabankans mjög á síðari hluta ársins 1982 og framan af árinu 1983, en meginhluti vaxtatekna eru vextir af gjaldeyrisforða Seðlabankans. Vaxtagjöld hækkðu nettó um 9,3% á árinu 1983 á móti 14% hækkun árið áður. Tekjur af varnarliðinu jukust um tæp 5%, en árið áður nam aukningin 36%. Tafla III.7 sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar árin 1982 og 1983 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður á árinu 1983 um 1263 m.kr., sem jafngildir 2,4% af þjóðarframleiðslu. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 5884 m.kr. eða 10% af þjóðarframleiðslu. Sé viðskiptajöfnuður árána 1982 og 1983 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í



innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í samanburði við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reynist viðskiptajöfnuður 1983 vera óhagstæður um 2761 m.kr. eða 5,2% af þjóðarframleiðslu, en viðskiptajöfnuður 1982 leiðrétur á sama hátt óhagstæður um 4304 m.kr. eða 7,7% af þjóðarframleiðslu.

## Framlög án endurgjalds


Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð um 42 m.kr. á árinu 1983 og er það 60% lækkun frá árinu áður, en þá nam upphæðin 106 m.kr.

## Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim, svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, sem annaðhvort kemur erlendis frá eða fer héðan til annarra landa, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til langs tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 1162 m.kr. á árinu 1983 á móti 3788 m.kr. árið áður.

Tafla III.8. Hreyfingar langra erlendra lána.  
(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1983)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1982	1983	1982	1983	1982	1983
Opinberir aðilar . . . . .	4.392	3.493	875	993	3.517	2.500
Lánastofnanir . . . . .	2.181	1.953	910	1.068	1.271	885
Einkaaðilar . . . . .	559	140	589	617	-30	-477
Samtals . . . . .	7.132	5.586	2.374	2.678	4.758	2.908




Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánunum. Tafla III.8 sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1983 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1982 umreiknaðar til meðalgengis 1983. Samtals námu innkomin löng lán 5586 m.kr., en afborganir 2678 m.kr., þannig að nettólántökur til langs tíma námu 2908 m.kr. samanborið við 4758 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 36.333 m.kr. í árslok 1983 reiknað á gengi í árslok, en 32.125 reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 60,6% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er hæsta hlutfall, sem verið hefur, og hafði hækkað úr 47,8% 1982. Hefur samdráttur þjóðarframleiðslu haft hér veruleg áhrif til hækkunar skuldastöðuhlutfallsins. Greiðslubyrði af löngum lánunum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 20,6% af útflutnings-

tekjum, sem er heldur lægra hlutfall en á fyrra ári, en þá var greiðslu-byrðin 21,2%. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra erlendra lána á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9 sýnir stöðu langra erlendra lána í árslok 1980–1983 skipta á endanlega notendur þeirra eftir helstu atvinnugreinum og opinberum aðilum, þar sem frumlánum ríkissjóðs og lánastofnana er skipt á endanlega notendur lána.

Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir endanlegum notendum.  
(Staða í árslok í m.kr. á gengi í hver árslok)

	1980	1981	1982	1983 <sup>1)</sup>
Opinber þjónusta . . . . .	543	885	1.938	4.391
ríkissjóður og stofnanir . . . . .	494	808	1.734	4.042
sveitarfélög . . . . .	49	77	204	349
Orkumál . . . . .	2.811	4.056	9.916	18.441
Sjávarútvegur . . . . .	1.093	1.498	3.236	5.889
Iðnaður . . . . .	490	689	1.709	2.981
Samgöngur . . . . .	794	1.167	2.492	3.764
Aðrar . . . . .	127	175	424	650
Lánastofnanir . . . . .	–	–	148	217
Erlend lán, alls . . . . .	5.858	8.470	19.863	36.333

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur.



Stutt vörukaupalán innflytjenda ásamt endurlánuðum skammtímalánum bankanna jukust um 23 m.kr. reiknað á meðalgengi 1983, og ógreiddur útflutningur jókst um 1003 m.kr. reiknað á sama hátt, og stafaði aukningin meðal annars af birgðalækkun. Nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, stuttum vörukaupalánum innflytjenda, endurlánuðum skammtímalánum bankanna og ógreiddum útflutningi, nam 1928 m.kr. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar að meðtöldum skekkjum og vantöldu nettó, var nettóútstreymi 766 m.kr. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 1162 m.kr. eins og fyrr segir.


Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd, að frádrögnum erlendum inneignum og öðrum kröfum á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenski fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.10 sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 31.120 m.kr. í árslok 1983 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 58,7% af vergri þjóðarframleiðslu. Þetta er hæsta skuldastöðuhlutfall, sem verið hefur, og hefur hækkað úr 48,1% á árinu 1982, en þá hafði það hækkað úr 31,8% á árinu 1981 og hafði þá haldist nálægt 32% um

fimm ára skeið. Tafla III.10 sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu og má þar sjá, hvað hlutfallið hefur farið ört hækkandi sl. tvö ár. Að lokum er sýnd greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum í hlutfalli af útflutningstekjum. Það hlutfall hefur farið hækkandi frá árinu 1979, og mest varð hækkunin 1982, en lækkaði lítilsháttar 1983.

Tafla III.10. Staða þjóðarþúsins út á við í árslok.  
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlönd	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl.		Greiðslubyrði (vextir og afb.) í % af útflutningst.
			Löng lán	Nettóskuld	
1974	337,9	345,9	23,9	24,5	11,2
1975	672,8	727,1	34,9	37,7	14,2
1976	898,5	940,0	33,8	35,3	13,8
1977	1.205,5	1.205,8	31,6	31,6	13,7
1978	1.944,3	1.848,3	33,7	32,0	13,1
1979	2.909,5	2.703,2	34,4	32,0	12,8
1980	4.623,1	4.248,9	34,4	31,6	14,1
1981	7.523,2	6.525,2	36,7	31,8	16,4
1982	14.904,7	15.008,7	47,8	48,1	21,2
1983 <sup>1)</sup>	32.125,0	31.120,0	60,6	58,7	20,6

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur.



### Gjaldeyrisstaða bankanna

Tafla III.11. Gjaldeyrisstaða bankanna.  
(Í m.kr. á gengi í árslok 1983)

	1980	1981	1982	1983
Seðlabankinn:				
Gjaldeyrisforði . . . . .	4.719	6.350	4.091	4.321
Gjaldeyris skuldir . . . . .	785	844	1.597	1.718
Nettóstaða Seðlabankans . . .	3.934	5.506	2.494	2.603
Viðskiptabankar, nettó . . . . .	246	157	303	-144
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	4.180	5.663	2.797	2.459

Tafla III.11 sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. fjögur ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1983. Í 9. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tólf ár á því gengi, sem gilti á hverjum tíma. Í töflu III.11 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 4321 m.kr. í árslok 1983, sem svarar til 23,8% af f.o.b.-verði almenns innflutnings, og hafði hækkað úr 20,1% í árslok 1982.

Á árinu 1983 jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 230 m.kr. reiknað á gengi í árslok, en rýrnaði um 2.259 m.kr. 1982. Gjalddeyrisstaða bankanna nettó rýrnaði hins vegar um 338 m.kr. vegna áframhaldandi skuldaaukningar við erlendar bankastofnanir, og var nettóstaðan 2.459 m.kr. á skráðu gengi í árslok, sem er að raungildi lægra en verið hefur undanfarin fimm ár.

*Tafla III.12. Gjalddeyrisviðskipti bankanna.  
(Í m.kr. í lok hvers mánaðar 1983)*

	Keyptur gjaldeyris		Seldur gjaldeyris		Gjalddeyriskaup bankanna nettó	
	1982 <sup>1)</sup>	1983	1982 <sup>1)</sup>	1983	1982 <sup>1)</sup>	1983
Janúar	1.527	1.349	1.325	1.533	202	-184
Febrúar	1.259	1.360	1.674	1.357	-415	3
Mars	1.557	1.676	1.902	2.020	-345	-344
Apríl	1.474	1.942	1.854	2.007	-380	-65
Mái	2.798	2.216	2.882	2.650	-84	-434
Júní	2.746	2.571	3.299	2.280	-553	291
Júlí	2.817	2.488	3.345	2.264	-528	224
Ágúst	2.211	2.684	1.960	2.565	251	119
Sept.	2.502	2.486	2.640	2.664	-138	-178
Október	1.709	2.537	2.310	2.327	-601	210
Nóv.	2.924	3.238	2.784	2.836	140	402
Des.	3.121	3.600	3.057	3.788	64	-188
Samtals	26.645	28.147	29.032	28.291	-2.387	-144


<sup>1)</sup> Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1983 samkvæmt vísitölu meðalgengis.

## Gjalddeyrisviðskipti

Tafla III.12 sýnir gjalddeyrisviðskipti bankanna, það er gjalddeyriskaup þeirra og gjalddeyrissölu í hverjum mánuði 1982 og 1983, og hafa tölur hvers mánaðar 1982 verið færðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1983. Sýnir taflan, að gjalddeyrisviðskipti voru álíka óhagstæð fyrstu fimm mánuði bæði árin, en í júní 1983 urðu mikil umskipti til hins betra, sem héldust nokkurn veginn út árið. Á árinu í heild jukust gjalddeyriskaup bankanna um 5,6% miðað við árið áður, en heildargjalddeyrissalan dróst saman um 2,6%.

## IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Mikil umskipti urðu í fjármálum ríkissjóðs á árinu 1983, frá því sem verið hafði næstu fjögur ár á undan. Mikill og vaxandi halli myndaðist á ríkissjóði snemma á árinu og varð því fljótlega ljóst, að mikill halli yrði á árinu í heild. Hallinn á greiðslujöfnuði ríkissjóðs nam um 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er meira en nokkru sinni síðan á árinu 1975. Meðfylgjandi línurit sýnir tekju- og greiðslujöfnuð ríkissjóðs í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á árunum 1969–1983. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 1983 nam tekjuhali ríkissjóðs 1.498 m.kr. samanborið við 198 m.kr. tekjuafgang á árinu 1982. Lánveitingar ríkissjóðs voru minni en afborganir skuldara ríkissjóðs af eldri lánum, og því varð innstreymi á hreinum lánveitingum, sem nam 178 m.kr. Fjármagnsjöfnuður sýndi því halla að upphæð 1.320 m.kr. Auk afborgana af lánum, sem eðlilegt er talið að greiðist af tekjuafgangi,



Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.<sup>1)</sup>  
(Í milljónum króna)

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983 <sup>2)</sup>
1 Tekjur . . . . .	956	1.543	2.378	3.681	5.993	9.577	15.100
2 Gjöld . . . . .	1.011	1.611	2.467	3.766	6.075	9.379	16.598
3 Tekjujöfnuður . . .	-55	-68	-89	-85	-82	198	-1.498
4 Lánveitingar nettó	-5	-23	-11	-8	-56	-532	178
5 Fjármagnsjöfnuður	-60	-91	-100	-93	-138	-334	-1.320
6 Lántökur utan Seðlab. nettó . . . . .	39	52	41	83	179	652	220
7 Lausaskuldir nettó .	4	2	82	72	144	-152	-160
8 Greiðslujöfnuður .	-18	-38	23	62	185	166	-1.260
81 Gagnvart Seðlabanka	-21	-46	22	45	164	124	-1.260
82 Bankainnst. og sjóður	3	8	1	17	21	42	-


Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs (%)

1 Tekjur . . . . .	25,1	26,7	28,1	27,4	29,2	30,7	28,5
2 Gjöld . . . . .	26,5	27,9	29,2	28,0	29,6	30,1	31,3
3 Tekjujöfnuður . . .	-1,4	-1,2	-1,1	-0,6	-0,4	0,6	-2,8
8 Greiðslujöfnuður .	-0,5	-0,7	0,3	0,5	0,9	0,5	-2,4

<sup>1)</sup> Skv. ríkisreikningi 1977–1982

<sup>2)</sup> Bráðabirgðatölur.

## Þróun tekna og gjalda



er þetta sú upphæð, sem ríkissjóður þurfti að fjármagna á síðasta ári með lántökum til þess að standa í skilum á greiðslureikningum. Lántökur utan Seðlabankans umfram afborganir námu 220 m.kr. Nýjar lántökur námu 589 m.kr., en afborganir af eldri lánum 378 m. kr. Útstreymi varð á liðnum lausaskuldir sem nam 160 m.kr. Samtals varð því halli á greiðslujöfnuði ríkissjóðs sem nam 1.260 m.kr., og kom hann allur fram sem útstreymi úr Seðlabankanum.

Tekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni námu um 28,5% af vergri þjóðarframleiðslu og gjöldin um 31,3%. Tekjurnar jukust um 58% frá árinu 1982 og minnkuðu því að raungildi, hvort sem miðað er við verðlag samneyslu, sem jókst um 65%, eða verðlag þjóðarframleiðslu, sem jókst um 80%. Tekjurnar féllu sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá árinu 1982, en þá voru þær um 30,7%. Gjöldin jukust hins vegar í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, enda varð aukning þeirra 78% eða litlu lægri en aukning verðlags þjóðarframleiðslu, en þess ber að geta, að þjóðarframleiðsla minnkaði um 5,5% á síðasta ári.

Þessi þróun er lykillinn að því, hvers vegna halli ríkissjóðs jókst svo mjög á síðasta ári. Um 4/5 hlutar tekna ríkissjóðs eru í formi óbeinna skatta, sem leggjast fyrst og fremst á útgjöld og eru því næmir fyrir heildareftirspurn í hagkerfinu. Á síðasta ári gerðist hvorttveggja, að innlend eftirspurn minnkaði í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og að þjóðarframleiðsla dróst saman. Afleiðing þess varð, að tekjur ríkissjóðs minnkuðu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og drógust saman að raungildi. Í þessu sambandi er þess að gæta, að tekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni voru óvenjumiklar í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á árinu 1982, enda nam viðskiptahalli 10% af þjóðarframleiðslunni. Það ár er því ekki heppileg viðmiðun.

Með því að gefa sér mismunandi forsendur um raunverulegar þjóðartekjur og hlutfall tekna ríkissjóðs af þeim, sem er m.a. háð viðskiptahallanum, má reyna að einangra áhrif hvors um sig. Sé t.d. gert ráð fyrir raunverulegum þjóðartekjum 1981, en sama hlutfalli ríkistekna af þjóðarframleiðslu og varð í raun á árinu, 28,5%, hefði tekjuhalli ríkissjóðs numið 0,6% af þjóðarframleiðslu í stað 2,8% í reynd, og má telja muninn þar á milli stafa af falli þjóðartekna frá 1981.

Þetta sýnir, að stóran hluta hallans á árinu er hægt að skýra með afleiðingum samdráttar þjóðarframleiðslu á árunum 1982 og 1983. Ekki verður þó horft framhjá því, að aukning útgjalda á undanförunum árum á hér einnig nokkurn hlut að máli. Útgjöld námu 31,3% af þjóðarframleiðslu á síðasta ári, en hefðu numið 29% án samdráttar þjóðarframleiðslu 1982 og 1983. Þetta síðara hlutfall er með því hæsta, sem gerst hefur á undanförunum árum. Á föstu verðlagi sam-

neyslu jukust útgjöld ríkissjóðs um 4,3% á ári 1978–1983, en á sama tíma jókst þjóðarframleiðsla um 1% á ári að meðaltali. Á síðasta ári jukust útgjöld um 78% í krónutölu. Einna mest varð aukningin til heilbrigðismála eða 117%, þ.e. um 32% að raungildi miðað við verðvísitölu samneyslu. Tafla IV.2 sýnir nánar þróun tekna og gjalda ríkissjóðs 1982 og 1983. Til samanburðar er sýnd hækkun verðlags samneyslu og þjóðarframleiðslu á þessum sömu árum.

Tafla IV.2. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni.<sup>1)</sup>


	M. kr.		Breyting frá fyrri ári (%)	
	1982	1983	1982	1983
Tekjur, alls . . . . .	9.562	15.100	59	58
Beinir skattar . . . . .	1.493	2.412	62	62
Óbeinir skattar . . . . .	7.884	12.196	58	55
Söluskattur og orkujöfnunargjald . . . . .	3.387	5.601	61	65
Aðflutningsgjöld . . . . .	1.755	2.555	49	46
Aðrir óbeinir skattar . . . . .	2.742	4.040	61	47
Aðrar tekjur . . . . .	185	492	106	166
Gjöld, alls . . . . .	9.324	16.598	58	78
Æðsta stjórn, dómsmál og utanr.þjón. . . . .	977	1.698	66	74
Félagsmál . . . . .	5.319	9.538	55	79
þ.a. heilbrigðismál . . . . .	821	1.783	61	117
þ.a. velferðarmál . . . . .	2.966	5.102	50	72
Atvinnumál . . . . .	2.599	4.443	61	74
þ.a. niðurgreiðslur . . . . .	804	1.035	113	29
Ýmis mál . . . . .	469	919	53	96
Verðvísitala samneyslu . . . . .			55	65
Verðvísitala VPF . . . . .			54	80

<sup>1)</sup> Skv. mánaðaryfirlitum ríkisbókhalds.


## Þróunin innan ársins

Í lok ársins 1982 voru ýmis veikleikamerki byrjuð að koma fram í fjármálum ríkissjóðs, þótt árið í heild sýndi mjög hagstæða útkomu. Vegna minnkandi innlendrar eftirspurnar og innflutnings dró mjög úr innheimtu óbeinna skatta, sérstaklega aðflutningsgjalda. Hefðbundin árstíðasveifla og mikil aukning innheimtu beinna skatta nægði þó til að skila nokkrum tekjuafgangi þessa síðustu mánuði ársins 1982.

Á fyrstu mánuðum ársins 1983 kom þessi veikleiki glögglega í ljós. Töluverður tekjuhalli myndaðist á ríkissjóði, og nam hann um 13% af tekjum fyrstu þrjá mánuði ársins. Versnunin frá árinu 1982 var greinileg eins og sést á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir greiðsluhreyfingar ríkissjóðs frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar árin 1982 og 1983. Hins vegar verður að hafa það í huga, að fyrri hluti ársins 1982 var óvenjuhagsætt tímabil fyrir ríkissjóð, sem stafaði m.a. af mikilli eftirspurnarþenslu. Ef þróunin fyrstu mánuðina 1983 er borin saman við nokkur fyrri ár, kemur í ljós, að hún er ekki mjög frábrugðin. Þetta sést m.a. á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir mánaðarlega meðal-



stöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu, annars vegar árin 1978–82 og hins vegar árið 1983. Hins vegar sýnir línuritíð, að frá og með apríl–maí fer fyrir alvöru að halla undan fæti, og staðan batnar ekki á seinni hluta ársins eins og jafnan áður.



Verri staða ríkissjóðs á fyrstu mánuðum ársins átti fyrst og fremst rætur að rekja til þess óhjákvæmilega samdráttar í innlendri eftirspurn, sem var liður í að minnka viðskiptahallann við útlönd. Gengi krónunnar féll mjög á seinni hluta ársins 1982 og framan af árinu 1983, og dró það úr innflutningi, en skerðing verðbóta á laun í september og desember 1982 dró úr kaupgetu almennings. Þar sem tekjur ríkissjóðs eru mjög næmar fyrir innlendri eftirspurn, minnkuðu þær í framhaldi af þessu. Sem dæmi um áhrif þessa má nefna, að tekjur ríkissjóðs á fyrsta fjórðungi ársins voru á föstu verðlagi um 4,5% lægri en á sama tíma árið áður, en nær 17% lægri en á fjórða ársfjórðungi 1982. Á öðrum ársfjórðungi voru tekjurnar á föstu verðlagi um 6% lægri en á sama tíma árið áður. Hér eru tekjur ríkissjóðs færðar til fasts verðlags með tilbúinni verðvísitölu samneyslu, sem er samsett úr kaupgjaldsvísitölu að 2/3 og vísitölu neysluveruverðs að 1/3.


Efnahagsaðgerðir í lok maí, lækkun tolla á nauðsynjavörum og innflutningsgjalds af bifreiðum og niðurfelling 10% gjalds af sölu ferðagjaldeyris um sumarið, veiktu stöðu ríkissjóðs á seinni hluta ársins. Niðurfelling verðbóta á laun og 14,6% gengisfelling höfðu sömu áhrif og fyrri aðgerðir af sama toga, þ. e. að draga úr innlendri eftirspurn og þar með úr tekjum ríkissjóðs. Hins vegar fóru þessar aðgerðir saman við sérstakar fjármálaaðgerðir til þess m.a. að milda áhrif efnahagsaðgerðanna á hag hinna verst settu og jafna húshitunarkostnað. Áætlaður kostnaður við þessar aðgerðir nam 400 m.kr. Á móti var heimiluð lækkun útgjalda um 300 m. kr., en til þess kom ekki. Lækkun tolla og innflutningsgjalds og niðurfelling skatts á ferðamannagjaldeyri eru enn fremur áætluð hafa kostað ríkissjóð um 100 m.kr. á árinu. Samtals er því hér um 500 m.kr. að ræða eða 0,9% af þjóðarframleiðslu ársins. Til samanburðar má geta þess, að greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu öllu nam 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu.

Framan af árinu var halli ríkissjóðs fyrst og fremst fjármagnaður með auknum yfirdrætti á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Til loka ágúst jókst yfirdrátturinn á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum um 1,4 milljarða króna, en á sama tíma greiddi ríkissjóður af skuldabréfum í Seðlabankanum sem nam 81 m.kr. Í desember veitti Seðlabankinn ríkissjóði lán að upphæð 21 m. SDR, sem var 631 m.kr. í lok ársins. Lán þetta skal endurgreiða í

## Fyrirgreiðsla Seðlabankans



tvennu lagi, 1. október árin 1985 og 1986. Vegna þessa láns jukust kröfur Seðlabankans á ríkissjóð í formi skuldabréfa um 513 m.kr. á árinu, en staða á viðskiptareikningum versnaði um 747 m.kr.



Venjuleg árstíðabundin fyrirgreiðsla við ríkissjóð og versnandi staða á árinu gerði heildarfyrirgreiðslu Seðlabankans mun meiri en á undanförunum árum. Staða A-hluta ríkissjóðs var að meðaltali 1.237 m.kr. verri á árinu en í upphafi þess. Hér er um að ræða upphæð, sem nam um 2,3% af þjóðarframleiðslu ársins. Upplýsingar um fyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð, melda með þessum hætti, ná aftur til ársins 1975, og hefur fyrirgreiðslan aldrei verið meiri í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu en á síðasta ári. Tafla IV.3 sýnir fyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð á árunum 1977–1983 í m.kr. og í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.

Tafla IV.3. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.

	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Í m.kr. . . . .	56	95	123	109	231	272	1.237
Hlutfall af VPF (%) . . .	1,46	1,64	1,45	0,81	1,13	0,87	2,33

## Skuldir við Seðlabankann

Halli ríkissjóðs á síðasta ári var að mestu leyti fjármagnaður af Seðlabankanum. Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð jukust um 1.315 m.kr. á árinu og námu í árslok 1.470 m.kr. skv. efnahagsreikningi Seðlabankans. Meðfylgjandi línurit sýnir, hvernig skuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann á föstu verðlagi í árslok 1983 hefur þróast á árunum 1974 til 1983. Myndin sýnir lækkun skuldar ríkissjóðs við Seðlabankann á árunum 1979–1982 sakir hagstæðrar afkomu ríkissjóðs og rýrnunar skuldarinnar vegna neikvæðra raunvaxta á þessum árum. Frá árslokum 1978 til ársloka 1982 lækkaði skuldin um 2.166 m.kr., mælt á verðlagi í árslok 1983. Mælt með sama hætti, jókst skuldin um 1.206 m.kr. á síðasta ári.

## Lánsfjáráætlun

Samkvæmt bráðabirgðauppjöri lánsfjáráætlunar námu lántökur A- og B-hluta ríkissjóðs, þ.e. ráðuneytanna og tengdra stofnana annars vegar og ríkisfyrirtækjanna hins vegar, um 1.890 m.kr. Þetta er um 267 m.kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum. Samkvæmt þessu voru lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 3,6% af þjóðarframleiðslu ársins, sem er nokkru minna en árið áður, en þó með því mesta, sem gerst hefur á undanförunum árum, eins og meðfylgjandi línurit ber með sér. Tafla IV.4 sýnir uppgerða lánsfjáráætlun ríkisins árin 1978–1983, og tafla IV.5 sýnir lánsfjáráætlun 1983, breytingar hennar og bráðabirgðaniðurstöður.

Tafla IV.4. Lánsfjármögnun framkvæmda ríkisins.  
(Í milljónum króna)

	1978	1979	1980	1981	1982	1983
Ríkissjóður alls . . . . .	134	225	396	652	1.259	1.890
A-hluti . . . . .	44	57	128	239	317	535
Vegagerð . . . . .	22	37	95	136	200	220
Annað . . . . .	22	20	33	103	117	315
B-hluti . . . . .	91	168	268	413	942	1.355
Byggðalínur . . . . .	34	35	52	68	112	–
Aðrar orkuframkvæmdir . . . . .	39	65	100	188	304	233
Fjármagnskostnaður . . . . .	–	–	42	56	277	743
Annað . . . . .	18	68	74	101	249	379
Fjármögnun . . . . .	134	225	396	652	1.259	1.890
Innlend lán . . . . .	71	81	250	318	459	673
Spariskírteini . . . . .	31	65	70	50	132	101
Innheimt af endurl. spari- skírteinafé umfram innlausn . . . . .	27	6	98	110	114	360
Verðbréfa kaup bankakerfis . . . . .	–	–	37	76	70	19
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða . . . . .	–	–	12	57	55	87
Önnur innlend fjáröflun . . . . .	13	10	33	26	88	106
Erlend lán . . . . .	63	144	146	334	800	1.217

Eins og sjá má á töflu IV.4 runnu um 535 m.kr. eða 28% af lánsfénu til A-hlutans. Þar af fóru 220 m.kr. í vegagerð, sem er minna en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum og felur í sér aðeins 10% aukningu frá árinu áður. Að öðru leyti er mestum hluta þess lánsfjár, sem rennur til A-hlutans, varið til að fjármagna hluta- og eiginfjárframlög og hluthafalán. Samtals er hér um að ræða 147 m.kr., en þar af fara 51,5 m.kr. í hluthafalán til Íslenska járnblendifélagsins, og 64,7 m.kr. renna til Kísilmálmverksmiðjunnar.

B-hlutinn eða ríkisfyrirtæki og sjóðir fékk í sinn hlut 1.355 m.kr. af því lánsfé, sem ríkissjóður aflaði á árinu. Stærstur hluti þess eða 743 m.kr. fór til að standa undir fjármagnskostnaði við orkuframkvæmdir. Það var einnig þessi liður, sem olli mestu um lántöku B-hlutans umfram lánsfjárlög. Fjármagnskostnaður vegna Kröfluvirkjunar og byggðalína var til samans 251 m.kr. umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjárlögum, en lántaka B-hlutans í heild umfram lánsfjárlög nam 257 m.kr. Af öðrum mikilvægum liðum má nefna orkuframkvæmdir, sem fengu 233 m.kr. í sinn hlut, Lána sjóð íslenskra námsmanna, sem fékk 138 m.kr., Póst og síma, sem fékk 59 m.kr., og Áburðarverksmiðjuna, sem fékk 56 m.kr.

Lánsfjármögnun opinberra framkvæmda á árinu 1983 einkenndist af miklum erfiðleikum við að afla innlands lánsfjár. Þetta stafaði af erfiðu árferði og slæmri greiðslustöðu innlánsstofnana og margra heimila og fyrirtækja. Um 148 m.kr. vantaði á innlenda fjáröflun samkvæmt því, sem gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjárlögum. Einna mest varð fjárvöntunin sökum minni sölu spariskírteina eða um 99 m.kr.,


Tafla IV.5. Lánsfjáráætlun ríkisins 1983.  
(Í milljónum króna)

	Láns- fjár- lög	Breyt- ingar	Bráða- birgða- útkoma
Ríkissjóður alls . . . . .	1.622,7	266,7	1.889,4
A-hluti . . . . .	525,0	9,7	534,7
Vegagerð . . . . .	249,0	-29,0	220,0
Þjóðarbókhlaða . . . . .	10,0	-4,2	5,8
Landshafnir . . . . .	5,5	-	5,5
Hluta- og eiginfjárframlög . . . . .	105,0	-74,1	30,9
Aðstoð við Flugleiðir hf. . . . .	34,4	-	34,4
Styrking dreifikerfa í sveitum . . . . .	27,0	-	27,0
Hafnagerð vegna skipaiðnaðar . . . . .	20,4	-	20,4
Jarðhitaleit . . . . .	4,0	-	4,0
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar . . . . .	4,5	-	4,5
RARÍK – fjármagnskostnaður . . . . .	12,2	-	12,2
Hluthafalán til Ísl. járnblendifélagsins . . . . .	53,0	-1,5	51,5
Kisilmálmverksmiðja . . . . .	-	64,7	64,7
Annað . . . . .	-	53,8	53,8
B-hluti . . . . .	1.097,7	257,0	1.354,7
Landakaup kaupstaða og kauptúna . . . . .	1,0	-1,0	-
Byggingarsjóður Rannsóknarst. atvinnuveganna . . . . .	10,0	-	10,0
Jarðasjóður . . . . .	5,0	-3,5	1,5
Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . .	138,0	-	138,0
Lagmetisíðjan Siglóssíld . . . . .	4,0	6,0	10,0
Skipaútgerð ríkisins . . . . .	9,8	-0,4	9,4
RARÍK – almennar framkvæmdir . . . . .	138,6	9,9	148,5
Kröfluvirkjun – framkvæmdir . . . . .	60,0	0,8	60,8
Kröfluvirkjun – fjármagnskostnaður . . . . .	219,4	174,4	393,8
Virkjunarrannsóknir – framkvæmdir . . . . .	25,0	-25,0	-
Virkjunarrannsóknir – fjármagnskostnaður . . . . .	21,8	-	21,8
Orkusjóður – fjármagnskostnaður byggðalína . . . . .	224,5	76,6	301,1
Orkusjóður – hitaveitulán . . . . .	7,5	-6,4	1,1
Orkusjóður – jarðhitaleit . . . . .	10,0	-	10,0
Orkusjóður – sveitarafvæðing . . . . .	13,0	-	13,0
Iðnaðarrannsóknir . . . . .	3,0	-3,0	-
Síldarverksmiðjur ríkisins . . . . .	36,0	12,5	48,5
Sementsverksmiðjan . . . . .	28,0	15,1	43,1
Landssmiðjan . . . . .	12,0	-9,0	3,0
Áburðarverksmiðjan . . . . .	43,4	12,4	55,8
Póstur og sími . . . . .	54,5	4,4	58,9
Fljótsdalsvirkjun – fjármagnskostnaður . . . . .	26,4	-	26,4
Flugmálastjórn . . . . .	6,8	-6,8	-
Fjármögnun alls . . . . .	1.622,7	266,7	1.889,4
Innlend lán . . . . .	821,0	-148,2	672,8
Ný spariskírteini . . . . .	200,0	-98,8	101,2
Innheimt af endurl. spariskírteinafé nettó . . . . .	360,0	-	360,0
Verðbréfakaup innlánsstofnana . . . . .	103,0	-84,2	18,8
Verðbréfakaup lífeyrissjóða . . . . .	85,0	2,0	87,0
Önnur innlend fjáröflun . . . . .	73,0	32,8 <sup>1)</sup>	105,8 <sup>2)</sup>
Erlend lán . . . . .	801,7	414,9	1.216,6

<sup>1)</sup> Þar af 14,9 m.kr. lækkun innstæðna í Seðlabankanum.

<sup>2)</sup> Vextir og afborganir Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalínum, aðveitu-  
stöðvum o.fl. 90,9 m.kr., lækkun innstæðna í Seðlabankanum 14,9 m.kr.


en einnig vantaði mikið á verðbréfa kaup innlánsstofnana. Þessir erfiðleikar ollu því, að innlenda fjáröflunin varð aðeins tæp 36% af heildarfjáröfluninni, sem er með minnsta móti miðað við undanfarin ár. Innlenda fjáröflunin nam 1,3% af vergri þjóðarframleiðslu, en hún var þó minni í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu á árunum 1977–1979 eins og meðfylgjandi línurit sýnir. Innheimtar afborganir af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn eldri skírteina, og vextir og afborganir Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalínum, aðveitustöðvum o.fl. héldu uppi innlendu fjáröfluninni. Þeir þættir, sem eru tengdari frjálsum ákvörðunum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á markaði, voru hins vegar óvenjuveikir.



Það, sem vantaði á innlendu fjáröflunina, var bætt upp með erlendum lántökum, sem námu 1.217 m.kr. eða 2,3% af þjóðarframleiðslu ársins, og voru þær með hæsta móti sem hlutfall af heildarlánsfjáröfluninni, eins og sjá má á línuritinu hér til hliðar. Erlendar lántökur ríkisins jukust um 52% frá árinu 1982, en minnkuðu í erlendri mynt, þar sem gengisbreyting milli áronna nam 89%. Hins vegar höfðu erlendar lántökur vaxið mikið árið áður eða um 140% í íslenskum krónum, en um 49% á föstu gengi.

## V. PENINGAMÁL


Aðstæður í peningamálum voru mjög óvenjulegar á árinu 1983, svo sem sjá má af köflunum hér að framan. Ber einkum að nefna afar breytilega verðlagsþróun og svipula raunvexti, sem af henni stöfuðu. Sem dæmi um raunvexti má nefna, að af fé á venjulegum sparibókum voru þeir um  $-27\%$  við upphaf ársins, en um  $0\%$  um áramót, þegar mið er tekið af vísitöluhækkunum á umliðnu hálfu ári og næsta hálfu ári. Framvinda peningamála mótaðist nokkuð af þessu og þá ekki síst af því ósamræmi, sem myndaðist í ávöxtunarkjörum mismunandi tegunda útlána og innlána. Á fyrri hluta ársins jukust innstæður á verðtryggðum innlánsreikningum mjög mikið, og innlánsstofnanir kappkostuðu að veita sambærileg lán. Á síðari hlutanum, þegar raunvextir óverðtryggðra liða hækkuðu, snerist þetta við, og innstæðueigendur fluttu verulegar fjárhæðir á milli reikninga. Í heild jukust innlán í innlánsstofnunum um  $80\%$  borið saman við um  $60\%$  aukningu árið áður. Aukning bundinna spariinnlána varð  $87\%$ , en peningamagn og almennt sparifé, sem allt er óbundið, jókst um  $73\%$ . Þróun útlána mótaðist m.a. af miklu birgðahaldi útflutningsgreina mestallt árið, almennt tekjurýrnun og greiðsluhalla ríkissjóðs. Straumhvörf í fjármálum ríkissjóðs leiddu til aukins peningaframboðs frá Seðlabankanum, en afurðalán, skuldbreytingalán og vanskil áttu einnig drjúgan þátt í aukningu útlána bankakerfisins. Reikningar bankakerfisins í heild sýna, að lán og aðrar innlendar kröfur hafa aukist um nær  $93\%$ , þegar með eru talin endurlánuð erlend lán, en eins og fram kemur hér á eftir var aukningin í rauninni meiri en reikningarnir sýna og má ætla, að  $97\%$  sé nærri lagi samanborið við um  $86\%$  árið á undan. Á síðari hluta ársins, þegar verðbólgan hjaðnaði snögglega, dró nokkuð úr aukningu peningamagns og útlána, en sú hjöðnun kom þó fram síðar og varð mun minni en samanburðurinn við verðbreytingar gaf tilefni til. Innlánsstofnanir bjuggu við afar rýra lausafjárstöðu allt árið. Í samanburði við innlán á hverjum mánaðamótum nam hún að meðaltali um  $-5,7\%$  samanborið við  $+1,1\%$ , sem er meðaltal tveggja síðustu áratuga að tveimur erfiðleikatímabilum



undanskildum. Innlánsstofnanir náðu því ekki að bæta stöðu sína á ný eftir samdráttinn árið áður, enda þótt peningaframboð vegna ríkisfjármála gæfi tilefni til þess.

## Vextir

Það hefur löngum verið einkenni peningamála hér á landi, að útlána- aukning bankakerfisins af innlendum og erlendum toga hefur verið meiri en svarar verðhækkunum og sparifjármýndun gefur tilefni til. Misvægi af þessum toga hefur verið áberandi frá miðju ári 1981, en á þessum tíma hefur bankakerfið látið undan miklum þrýstingi og lánsfjáreftirspurn úr ýmsum áttum, staða þjófðarbúsins gagnvart útlöndum hefur versnað og staða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka sömuleiðis. Undirrót þessa má finna í erfiðleikum útflutningsgreina og samdrætti þjófðartekna, en afstaða vaxta til verðbólgu stuðlaði einnig að þessu. Þegar verðbólga tók að magnast um mitt ár 1981, lækkuðu raunvextir óverðtryggðra krafna og urðu verulega neikvæðir næstu tvö ár. Vísitölubinding breiddist út yfir æ stærra svið innlána og útlána, en þótt þar hafi gilt lágir vextir umfram vísitöluhækkunar, skapaðist gífurlegur munur raunvaxta milli kerfanna tveggja. Óverðtryggt innlánsfé rýrnaði ört í verðbólgunni, og ýtti það annars vegar undir aukna eftirspurn og hins vegar flutning fjár yfir á verðtryggða reikninga. Við hjöðnun verðbólgunnar árið 1983 varð mikilvæg breyting hér á. Raunvextir óverðtryggðra fjárskuldbindinga hækkuðu skyndilega og urðu jafnvel hærri en raunvextir á sviði vísitölubindingar. Eins og fram kemur í annál hér aftar í skýrslunni voru almennir vextir lækkaðir eftir að kominn var í ljós verulegur árangur í baráttunni við verðbólguna og hún var komin talsvert niður fyrir gildandi vaxtastig, en vextir af vísitölubundnum lánum voru hækkaðir nokkuð. Vextir afurðalána voru lækkaðir minna en



aðrir vextir og eru nú í samræmi við almenna vexti, en um áratuga skeið hafa þeir verið öllu lægri. Sviptingar hafa því verið miklar í þessum efnum og valdið nokkru óryggi bæði fyrir innstæðueigendur og lánastofnanir. Verður vikið nánar að þessu hér á eftir, þar sem fjallað er um þróun einstakra liða í reikningum bankakerfisins, og enn fremur vikið að öðrum aðgerðum á sviði peningamála.

Tafla V.I. Úr reikningum Seðlabankans 1982 og 1983.  
(Í milljónum króna)

	Staða 31/12 1983	Hreyfingar					
		1982	1983	1. árs- fjórð. 1983	2. árs- fjórð. 1983	3. árs- fjórð. 1983	4. árs- fjórð. 1983
1 Gjaldeyrisstaða . . . . .	2.594	-141	1.105	110	98	514	383
(þar af endurm. v/gengis)		(1.080)	(778)	(379)	(298)	(22)	(79)
2 Endurlánuð löng erlend lán	95	-26	25	19	25	-21	2
3 Innlendir liðir nettó . . . . .	4.385	1.476	2.000	412	428	423	737
31 Kröfur á ríkissj. og ríkisst.	813	-81	697	943	-729	-3	486
311 A-hluti . . . . .	1.470	-71	1.315	781	383	-149	300
312 Gjaldeyrisinnst. ríkisst.	-864	-142	-683	-18	-1.153	332	156
313 Aðrar kröfur á B-hluta nettó	207	132	65	180	41	-186	30
32 Kröfur á fjárfestingarl.sj.	211	46	78	2	-27	28	75
33 Endurkaup . . . . .	4.915	1.543	1.980	36	819	569	556
331 Landbúnaður . . . . .	1.142	258	446	-84	16	88	426
332 Sjávarútvegur . . . . .	2.879	905	1.218	91	734	374	19
333 Iðnaður . . . . .	893	341	358	57	82	108	111
334 Önnur . . . . .	1	39	-42	-27	-15	-	-
34 Aðrar kröfur á innlánsst.	2.018	1.382	439	-46	189	321	-25
35 Kröfur á aðra aðila . . . . .	79	14	39	37	6	-13	9
36 Sjóðir í opinberri vörslu (-) <sup>1)</sup> . . . . .	-695	-142	-168	-83	132	-70	-147
37 Innstæður fjárfest. lána sj. (-) <sup>1)</sup> . . . . .	-684	-206	-403	-56	35	-98	-284
38 Annað nettó . . . . .	-2.272	-1.080	-662	-421	3	-311	67
4 Samtals (1+2+3=5+6) . . . . .	7.074	1.309	3.130	541	551	916	1.122
5 Grunnfé . . . . .	6.559	1.241	2.781	495	488	661	1.137
51 Innstæður innlánsst. . . . .	5.802	1.119	2.542	422	497	608	1.015
511 Almenn innlánsbinding	5.180	1.031	2.370	264	458	617	1.031
512 Sjóður og aðrar innst. . . . .	622	88	172	158	39	-9	-16
52 Seðlar og mynt í umferð	757	122	239	73	-9	53	122
6 Erlent lánsfé til langs tíma	515	68	349	46	63	255	-15


	Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>					
Grunnfé <sup>3)</sup> . . . . .	48,9	73,6	85,9	56,1	108,2	56,1
Endurkaup, alls . . . . .	110,8	67,5	50,2	120,6	86,7	26,7
Landbúnaður . . . . .	58,9	64,1	70,6	129,1	35,5	37,6
Sjávarútvegur . . . . .	119,7	73,3	26,2	135,6	115,9	37,1
Iðnaður . . . . .	175,8	66,9	15,2	38,8	228,9	47,7
Seðlar og mynt í umferð . . . . .	30,8	46,1	118,6	-7,8	65,0	33,0
Almenn innlánsbinding . . . . .	58,0	84,3	41,5	69,1	130,6	105,1

<sup>1)</sup> Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. <sup>2)</sup> Ársígildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. <sup>3)</sup> Grunnfé með áföllnum vöxtum skyldubundinna innlána.

## Staða ríkis og sjóða

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann versnaði um 1380 m.kr. árið 1983 samanborið við 61 m.kr. árið áður. Í þessum tölum er ekki talið ónotað erlent lánsfé, sem geymt var á gjaldeyrisreikningum í Seðlabankanum á árinu. Að þeim meðtöldum sýnist staðan gagnvart Seðlabankanum ekki hafa versnað nema um 697 m.kr. árið 1983 samanborið við 81 m.kr. bata árið á undan. Tölurnar bera með sér þá miklu breytingu, sem varð í ríkisfjármálunum á árinu, eins og fram kemur í kaflanum hér á undan. Þá varð veruleg aukning innstæðna fjárfestingarlánasjóða hjá Seðlabankanum á árinu, samtals um 403 m.kr. Þar af jukust innstæður Fiskveiðasjóðs um 231 m.kr. Seðlabankinn veitti Byggingarsjóði ríkisins bráðabirgðalán á árinu, og samtals jukust lán hans til fjárfestingarlánasjóða um 78 m.kr. Innstæður sjóða í opinberri vörslu jukust um 168 m.kr. árið 1983 og munar mest um orlofsfé, sem jókst um 90 m.kr., og órádstafaðan gengishagnað, 62 m.kr. Í lok ársins námu heildarinnstæður sjóða í opinberri vörslu 695 m.kr. Þessar innstæður hafa á undanförunum árum myndað nokkurt mótvægi á móti lánnum Seðlabankans og því stuðlað að styrkari gjaldeyrisstöðu en orðið hefði án þeirra. Svo að mið sé tekið af öðrum stærðum, má nefna, að innstæðurnar svöruðu til um 3,8% af heildarinnlánnum innlánsstofnana að meðaltali árið 1983 og 6–7% að meðaltali síðasta áratug.

## Endurkaup



Útstreymi fjár til ríkisins bættist við miklar lánveitingar Seðlabankans til innlánsstofnana. Stærsti flokkur þeirra eru endurkeypt afurða- og framleiðslulán, sem jukust um 111% árið 1982. Árið 1983 var aukning þeirra einnig afar mikil, þótt mjög hafi dregið úr henni undir lok ársins, bæði fyrir áhrif stöðugs gengis og samdráttar í birgðum útflutningsafurða á síðasta fjórðungi ársins. Fram að því höfðu þær verið óvenjumiklar, þar sem illa gekk að selja skreið og fræðfiskur seldist einnig hægar en áður vegna óhagstæðrar samsetningar. Í heild jukust þessi lán um 67,5% 1983 og er gerð nánari grein fyrir þessu hér aftar, þar sem fjallað er um starfsemi lánadeildar. Árið 1982 hófust skuldbreytingar í sjávarútvegi, sem enn stóðu yfir fyrstu mánuði ársins 1983. Samtals námu þær um 575 m.kr., sem í bókum Seðlabankans færðust úr lausaskuldum innlánsstofnana við bankann í endurkeypt verðbréf og bættust þar með við framangreind endurkaup.

## Innlánsbinding

Almenn innlánsbinding var óbreytt á árinu, 28% af innlánnum, en lagaheimild til sérstakrar sveigjanlegrar bindingar féll niður hinn 30. apríl. Skyldubundnar innstæður jukust um 84% árið 1983 og námu í lok þess 5180 m.kr. Það er rúmum 500 m.kr. lægra en samtala endurkeyptra afurða-, framleiðslu- og skuldbreytingarlána á sama tíma. Á tveimur undanförunum árum hefur innlánsbinding aukist samtals um 3402 m.kr., en endurkaupafyrirgreiðslan um 4156 m.kr. Tölur þessar



## Grunnfé og peningamagn

sýna, að hið lögbundna hámark bindiskyldunnar nægir ekki að óbreyttu til að mæta fyrirgreiðslu af þessu tagi og þaðan af síður til að gegna öðru hlutverki í hagstjórn.

Á meðan verðbólga var mikil og raunvextir ýmissa peningakrafna neikvæðir, svo sem var árið 1982 og fram á síðastliðið ár, var peningaeftirspurn ekki í neinu samræmi við það mikla framboð, sem felst í ofangreindum tölum, heldur leituðu peningarnir í innflutning. Penningaeign var heldur ekki eftirsóknarverð við slíkar aðstæður. Gjalddeyrisstaða bankanna versnaði því mikið, t.d. um 1423 m.kr. á 12 mánuðum til maíloka 1983, þegar frá eru taldar bókhaldsbreytingar vegna gengis. Af þessum sökum jókst grunnfé Seðlabankans tiltölulega lítið árið 1982 og fyrstu mánuði ársins 1983 í samanburði við verðlagsbreytingar. Svo sem meðfylgjandi yfirlit yfir reikninga Seðlabankans sýnir, er grunnfé samtala seðla og myntar í umferð og innstæðna innlánsstofnana hjá Seðlabanka. Breytingar þess verða fyrir tilstilli breytinga gjaldeyrisstöðu og lána Seðlabankans. Á 12 mánuðum, til maíloka 1983, jókst það t.d. um 55%, þegar lánskjaravísitala hækkaði um 83%. Sama skýring á við um tiltölulega litla aukningu óbundins peningamagns (M2), þ.e. samtölu seðla, myntar, veltiinnlána og almennra spariinnlána, sem allt er óverðtryggt. Á þessu tímabili jókst það um 54%, sem felur í sér, að kaupmáttur þess miðað við breytingar lánskjaravísitölu hafi lækkað um 16%. Veltuhraði þessa fjár hefur því aukist verulega, sem gefur vísbendingu um knappa lausafjárstöðu fyrirtækja og einstaklinga á þessu tímabili. Eftir mitt árið, þegar gjaldeyrisstaða tók að batna og lítið dró úr lánveitingum Seðlabankans, tók grunnfé að vaxa að raungildi og peningamagnið sömuleiðis. Yfir árið í heild jókst grunnfé um 73,6% og peningamagn og almennt sparifé um 73,3%, sem er nánast eins og hækkun verðlags samkvæmt lánskjaravísitölu, sem var 73,4%.

## Lausafjárstaða

Lausafjárstaða innlánsstofnana var afar rýr allt árið, en hún rýrnaði á árinu 1982 um 921 m.kr. og svaraði í lok þess til um -6,2% heildarinnlána. Árið 1983 rýrnaði hún enn um 427 m.kr., en í samanburði við innlán nam hún í lok þess um -5,7%. Eins og skýrt var frá í skýrslu Seðlabankans um árið 1982 voru hinn 1. nóvember það ár settar strangar reglur um yfirdrátt innlánsstofnana hjá Seðlabankanum. Fela þær í sér stighækkandi refsivexti og ákveðin hámarks- og yfirdráttarlán. Í þessu skyni úthlutaði Seðlabankinn öllum bönkum og sparisjóðum yfirdráttarþrepum, sem skiptust á stofnanir í hlutfalli við stærð, en til samans jafngiltu þrepin um það bil 1% heildarinnlána. Þrepin voru síðan óbreytt til 1. júní 1983, er þau voru hækkuð um 40%. Þegar reglurnar voru settar, var yfirdrætti margra stofnana breytt í víxillán samtals að fjárhæð 361 m.kr., sem greiddast skyldu


Tafla V.2. Úr reikningum innlánsstofnana 1982 og 1983.  
(Í milljónum króna)

	Staða 31/12 1983	Hreyfingar							
		1982		1983		1. árs- fjórð.	2. árs- fjórð.	3. árs- fjórð.	4. árs- fjórð.
		1982	1983	1983	1983	1983	1983	1983	
1 Lausafjárstaða . . . . .	-1.089	-921	-427	54	-23	-591	133		
11 Gagnvart Seðlabanka . . .	-1.025	129	-166	224	-140	-283	33		
12 Gagnvart útlöndum . . . .	-64	-1.050	-262	-171	116	-307	100		
2 Skyldubundnar innstæður	5.180	1.032	2.370	264	458	617	1.031		
3 Aðrar innstæður í Seðlab.	414	111	176	186	38	-40	-8		
4 Útlán <sup>1)</sup> . . . . .	20.251	5.362	8.817	1.224	2.614	2.733	2.246		
41 Endurseld Seðlabanka . . .	4.915	1.543	1.980	36	819	569	556		
42 Löng lán til opinberra frankvæmda og sjóða	1.130	291	536	1.188	1.795	2.164	1.960		
43 Önnur útlán . . . . .	14.206	3.528	6.301	1.188	1.795	2.164	1.960		
5 Endurlánað erlent lánsfé	7.671	1.876	4.025	397	1.345	476	1.807		
6 Samtals (1+2+3+4+5 =7+8+9+10) . . . . .	32.427	7.460	14.961	2.125	4.432	3.195	5.209		
7 Heildarinnlán . . . . .	19.128	3.974	8.494	1.389	2.361	1.697	3.047		
71 Veltiinnlán . . . . .	2.956	349	1.383	378	343	91	571		
72 Almenn spariinnlán . . . .	8.651	1.823	3.607	4	722	271	2.610		
73 Spariinnlán á uppsagnarr.	7.521	1.802	3.505	1.008	1.296	1.334	-133		
8 Endurkaup og verðbréf Seðlabanka . . . . .	5.699	1.901	2.255	242	866	577	570		
9 Erlent lánsfé til langs tíma	7.468	1.820	3.943	354	1.274	479	1.836		
10 Eigið fé og annað nettó	132	-235	269	140	-69	442	-244		

	Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>					
Útlán . . . . .	88,3	77,1	50,5	82,2	109,0	68,0
Heildarinnlán . . . . .	59,7	79,9	84,8	108,1	80,4	50,2
Veltiinnlán . . . . .	28,5	87,9	107,5	89,9	67,9	88,2
Almenn spariinnlán . . . . .	56,6	71,5	40,5	100,7	54,3	96,6
Bundin spariinnlán . . . . .	81,4	87,3	144,6	137,3	118,4	-3,1

<sup>1)</sup> Útlán eru hér sýnd með gengisuppfærslu endurkaupa. <sup>2)</sup> Ársgildi hreyfinga í hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Ennfremur hafa innlánin verið leiðrétt fyrir áföllnum vöxtum.


niður á allt að sex mánuðum. Var með þessu gefinn nokkur tími til að aðlagast nýju reglum og stóðu vonir til, að unnt yrði að bæta lausafjárstöðuna verulega á tímabilinu. Árangurinn varð lakari en við var búist, og voru víxillánin framlengd í nokkrum tilvikum og jafnframt gerðir samningar um, að hlutadeigandi stofnun héldi útlánnum sínum innan tiltekinna marka í nokkra mánuði. Fari útlánin fram úr mörkunum, er yfirdráttarþrep viðkomandi stofnunar lækkað, sem felur í sér, að refsivextir hækka. Gerðir voru 11 slíkir samningar á árinu 1982 og 5 á árinu 1983, og voru yfirdráttarþrep



lækkuð þrívægis í tengslum við samningana. Með þessu lagði Seðlabankinn áherslu á, að innlánsstofnanir löguðu útlánastarfsemi sína að raunverulegri útlánagetu í stað þess að byggja á yfirdrætti, sem aðeins ber að nota í undantekningartilvikum. Seðlabankinn hefur hins vegar ekki verið aðili að samningum um útlánamarkmið fyrir bankana í heild síðan 1979. Viðskiptabankarnir hafa nokkrum sinnum gert slíkt samkomulag sín í milli. Mestan hluta ársins 1983 var t. d. í gildi samkomulag um, að útlán, önnur en afurðalán, skyldu ekki hækka nema sem næmi verðbótum og verðbótapætti vaxta. Af þróun útlána og lausafjárstöðu er ekki unnt að greina mikinn árangur þessara aðgerða, en að öllum líkindum hafa þær þó komið í veg fyrir enn meiri útlánapenslu, enda var lánsfjárefnispurn mikil. Með framlengingu áður nefndra víxillána fengu innlánsstofnanir lengri aðlögunartíma að nýju reglunum um yfirdrátt en upphaflega var áformað. Línurit á næstu síðu sýnir lausaskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann árið 1983. Þær námu um 800 m.kr. að meðaltali á dag allt árið og skiptust þannig, að um 65% voru umsamin víxillán, 10% voru víxlar innan kvóta og afgangurinn, 25%, voru yfirdráttarlán.

Reglur um víxilkvóta innlánsstofnana voru óbreyttar á árinu 1983, en þær hafa m.a. opnað möguleika fyrir millibankaviðskipti, sem sparisjóðir notfærðu sér lítils háttar á árinu. Sparisjóðir, sem þurftu ekki að nota kvóta sína að fullu, framseldu þá öðrum, og námu slík viðskipti samtals 62,9 m.kr. á árinu. Innlánsstofnanir semja sjálfar um þóknunina, sem lántökustofnunin greiðir þeirri, sem lætur kvóta af hendi, og munu þær í öllum tilfellum hafa miðað við 0,1% í þessum viðskiptum. Kvótavíxlar eru ætíð til 10 daga.

### Millibanka- markaður



## Útlán

Um miðbik ársins var útlánaaukning innlánsstofnana afar mikil, og ferill 12 mánaða breytinga náði hæst 91,6% í lok ágúst. Nokkuð dró úr aukningunni á seinni hluta ársins, og yfir árið í heild jukust þau um 77,1% samanborið við 88,3% árið áður. Við þessar tölur þarf að gera þá athugasemd, að í bókhaldi innlánsstofnana eru verðbætur útlána ekki færðar í hverjum mánuði eins og verðbætur innlána, heldur á gjalddaga hvers láns. Vegna mikilla verðhækkana fyrr á árinu söfnuðust upp miklar verðbætur, sem skila sér inn í útlánatölurnar smám saman. Samkvæmt athugun hjá viðskiptabönkunum námu áfallnir, en ófærðir vextir og verðbætur útlána um 4,9% af stöðu heildarútlána í lok árs 1982 og 6,8% í árslok 1983. Með hliðsjón af þessu má ætla, að í raun hafi útlánaaukning innlánsstofnana numið 81% árið 1983.


Nefna má nokkrar sérstakar skýringar á mikilli útlánaaukningu innlánsstofnana, og skal fyrst vikið að birgðahaldi. Útflutningsvörubirgðir og ógreiddur útflutningur jukust mjög mikið á árinu 1982 og allt til þriðja ársfjórðungs 1983. Það gefur vísbendingu um mikilvægi þessa þáttar í samanburði við ráðstöfunarfé bankakerfisins, að framleiðsla, bundin í þessu formi, svaraði að meðaltali til um 20% alls peningamagns og sparifjár fyrir einum áratug síðan, en hækkaði í 25% árið 1975 og í um 30% 1977, og var svo í 5 ár. Árið 1982 hækkaði hlutfallið í 32% og síðan í 41% árið 1983. Að framan er vikið að skuldbreytingu í sjávarútvegi, en hún var framkvæmd með þeim hætti, að ekkert skyldi vera um nýjar lánveitingar frá bankakerfinu, heldur aðeins, að stuttum lánnum og skuldum í vanskilum skyldi breyta í lengri lán. Engu að síður getur slík aðgerð haft óbein áhrif til


útlánaaukningar, þar sem hún getur dregið úr skilvísí lánþega, treysti þeir á, að sambærileg aðgerð verði endurtekin. Á þetta ekki síður við um lán til annarra greina. Vanskil hafa verið vaxandi vandamál í lánastofnunum síðustu árin, sem bendir til, að lánþegar hafi reist sér hurðarás um öxl, en ekki sniðið útgjöldum sínum stakkt eftir vexti.

Hið tvöfalda vaxtakerfi, þ.e. háir vextir á sumum tegundum, en vísitölubinding á öðrum, gerir innlánsstofnunum erfitt fyrir, þegar innstæðueigendur eiga auðveldara með að færa innlán á milli reikninga en stofnanir að breyta samsetningu útlána til samræmis, svo að þær geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sparifjáreigendum. Nýjar ávöxtunarleiðir og miklar sveiflur í verðþróun og ekki síst sibreytileg afstaða milli verðbólgu og vaxta, sem verið hefur, eiga að líkindum nokkurn þátt í mikilli útlánaaukningu og lélegri lausafjárstöðu innlánsstofnana. Í árslok 1983 voru um 35,6% allra útlána innlánsstofnana verðtryggð samanborið við 27,6% ári fyrr. Eins og árið 1982 var stærsti hluti verðtryggðu lánanna til einstaklinga eða um 35%, enda var nær öll lánaaukning til þeirra í vísitölubundnu formi á árinu.

## Innlán

Heildarinnlán innlánsstofnana jukust um nær 80% árið 1983 samanborið við um 60% árið áður. Framan af árinu jukust bundin innlán afar mikið, einkum fé á vísitölubundnum reikningum. Á heilu ári til ágústloka nam aukning bundins sparifjár 136,5%, en þá varð mikil breyting á við það, að stórlega dró úr hækkun vísitölnunnar. Yfir árið jókst bundið sparifé um 87,3%. Viðbrögð sparifjáreigenda við breyttri verðlagsþróun og hækkun raunvaxta óverðtryggðra innlána komu skýrt í ljós í þróun innlána á einstökum tegundum. Síðustu 4 mánuði ársins lækkuðu innstæður á verðtryggðum reikningum um 1132 millj. kr., þrátt fyrir að færðar væru um 503 millj. kr. vextir og verðbætur á reikningana á sama tíma. Þetta þýðir, að sparifjáreigendur hafi tekið 1635 milljónir króna út af verðtryggðum spari-





reikningum til annarrar ráðstöfunar. Með þessu móti leituðu spari-  
fjáreigendur bestu ávöxtunarkjaranna, því að þótt kjör verðtryggðra  
reikninga hafi ekki rýrnað, þá bötnuðu kjör óverðtryggðra reikninga  
verulega svo sem þegar er nefnt.

Tafla V.3. Úr reikningum bankakerfisins 1982 og 1983.  
(í milljónum króna)

	Staða 31/12 1983	Hreyfingar					
		1982	1983	1. árs- fjórð. 1983	2. árs- fjórð. 1983	3. árs- fjórð. 1983	4. árs- fjórð. 1983
1 Gjaldeyrisstaða . . . . . (þar af endurm. v/gengis)	2.530	-12 (1.080)	844 (778)	-60 (379)	214 (298)	207 (22)	483 (79)
2 Endurlánað erlent lánsfé	7.766	1.850	4.050	416	1.370	455	1.809
3 Innlendir liðir nettó . . .	17.572	4.147	8.131	1.507	2.103	1.822	2.699
31 Lán Seðlabanka . . . . .	1.103	-21	815	984	-752	13	570
32 Lán innlánsstofnana . . .	20.251	5.362	8.817	1.224	2.614	2.733	2.246
33 Ýmsir sjóðir (-) <sup>1)</sup> . . . .	-1.379	-348	-571	-139	167	-168	-431
34 Annað nettó . . . . .	-2.403	-846	-930	-562	-74	-756	314
4 Samtals (1+2+3=5+6)	27.868	5.985	13.025	1.863	3.687	2.484	4.991
5 Peningam. og sparifé (M3)	19.885	4.097	8.733	1.463	2.351	1.749	3.170
51 Sparifé á uppsagnarr. . .	7.521	1.802	3.505	1.008	1.296	1.334	-133
52 Peningamagn og alm. sparifé (M2) . . . . .	12.364	2.295	5.228	455	1.055	415	3.303
521 Almennt sparifé . . . .	8.651	1.823	3.607	4	722	271	2.610
522 Peningamagn (M1) . . .	3.713	472	1.621	451	333	144	693
6 Erlent lánsfé til langs tíma	7.983	1.888	4.292	400	1.336	735	1.821
				Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>			
Endurlánað erlent lánsfé . . . . .		99,1	109,0	94,2	282,2	10,6	132,0
Innlendir liðir nettó . . . . .		78,3	87,2	84,6	95,0	114,0	55,7
Peningamagn og sparifé (M3) . . .		58,1	78,3	81,9	96,9	86,6	51,0
Peningamagn og alm. sparifé (M2)		47,4	73,3	54,6	79,6	67,7	93,0
Peningamagn (M1) . . . . .		29,1	77,5	116,2	53,9	72,8	71,6

<sup>1)</sup> Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki. <sup>2)</sup> Ársígildi á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðrétttum tölum.

## Ráðstöfunarfé bankakerfisins

Meðaltal peningamagns og sparifjár svaraði til 29,8% af þjóðarframleiðslu á árinu 1983, sem er um 0,8% meira en árið áður. Sá hluti þess, sem óbundinn er (M2), lækkaði á árinu úr 19,2% í 17,9% af þjóðarframleiðslu, þegar miðað er við ársmeðaltöl. Samsvarandi hlutfall bundins sparifjár hækkaði hins vegar úr 9,9% í 11,9%. Þegar þessar tölur eru bornar saman við samdrátt sparifjár á fyrri verðbólgu skeiðum, verður að telja markvert, hve vel peningakerfið hefur varist þeim hættum, sem verðbólgan á árinu 1983 bauð heim.

## VI. FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Auk bankakerfisins starfar hér á landi fjöldi fjárfestingarlánasjóða, sem þjóna flestir skýrt afmörkuðum verkefnum. Eðli málsins samkvæmt lána þeir yfirleitt til lengri tíma en innlánsstofnanir og þeir eru frábrugðnir innlánsstofnunum að því leyti, að þeir taka ekki við innlánnum, heldur byggist útlánageta þeirra á eigin höfuðstól, aðfengnum framlögum, oftast frá ríkissjóði, og töku langra lána. Í hagskýrslum eru nú taldir 18 fjárfestingarlánasjóðir, og hafði þeim þá fjölgað um

Tafla VI.1. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1982		1983	
	M.kr.	Breyt. fráf. ári %	M.kr.	Breyt. fráf. ári %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó . . . . .	0	.	51	.
Skatttekjur og framlög . . . . .	477	46	762	60
Lántökur <sup>1)</sup> . . . . .	1.426	82	2.265	59
Frá ríkissjóði . . . . .	—	.	152	.
Frá bankakerfinu . . . . .	92	-36	144	57
Frá lífeyrissjóðum . . . . .	414	45	786	90
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði . . . . .	52	44	0	-100
Innkominn skyldusparnaður . . . . .	212	53	436	106
Aðrar innlendar lántökur . . . . .	0	-100	3	.
Erlendar lántökur . . . . .	655	266	744	14
Uppruni = ráðstöfun . . . . .	1.902	58	3.078	62
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán . . . . .	1.645	46	2.645	61
Til opinberra aðila og banka . . . . .	152	37	162	7
Íbúðalán til einstaklinga . . . . .	646	71	1.140	76
Til atvinnufyrirtækja . . . . .	847	32	1.343	59
Til landbúnaðar . . . . .	117	48	151	29
Til sjávarútvegs . . . . .	372	29	548	47
Til verslunar . . . . .	75	25	137	83
Til iðnaðar . . . . .	231	43	391	69
Til annarra atvinnufyrirtækja . . . . .	52	-2	116	123
Framlög og styrkir . . . . .	87	521	38	-56
Breytingar á innstæðum og sjóði . . . . .	170	.	395	.

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur nettó innifaldar (-5 m.kr. 1982 og 3 m.kr. 1983).

einn á árinu 1983, þar sem Veðdeild Alþýðubankans bættist í hópinn, en starfsemi hennar var sáralítill áður. Undanfarin ár hafa stjórnvöld lagt mikla áherslu á að stýra fjárstreymi því, sem fer um fjárfestingarlánasjóðina, og hafa þeir átt sinn fasta sess í lánsfjáráætlunum ríkisstjórna.

## Útlán fjárfestingar- lánasjóða



Í byrjun árs 1983 var staða heildareigna fjárfestingarlánasjóða um 10.600 m.kr., en að teknu tilliti til verðtryggingar þess stofns og nýrra útlána á árinu má búast við, að þær nemi nær 20.000 m.kr. í árslokin, en endanlegir reikningar liggja ekki enn fyrir. Ný útlán sjóðanna á árinu 1983 töldust 2645 m.kr., sem er um 61% hærri fjárhæð en á árinu 1982, en það ár voru ný lán um 46% umfram lán 1981. Séu þessar tölur bornar saman við fjármunamyndun í þeim greinum, sem fjárfestingarlánasjóðir lána til, kemur í ljós, að lánin nema um 35–36% fjárfestingarinnar tvö síðastliðin ár, svo sem sjá má af línuriti hér á blaðröndinni. Í yfirlitinu hér um fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða undanfarin tvö ár er m.a. sýnt, hvernig ný útlán skiptast á greinar. Verulega meiri aukning hefur orðið á íbúðalánum, 76% 1983 og 71% 1982, heldur en á lánnum til atvinnufyrirtækja, 59% 1983 og 32% 1982, eða lánnum til opinberra aðila, sem jukust um 7% 1983 og 37% 1982, en þau eru fremur lítil. Aukningu á íbúðalánnum umfram önnur lán sjóðanna má rekja til þeirrar aðgerðar, að húsnæðislán voru hækkuð um 50% frá því sem þau voru, með afturvirkni til lánveitinga frá árinu 1982 fyrir þá, sem þess óskuðu. Viðbótin vegna þessa nam 141 m.kr. á árinu 1983.

Tafla VI.2. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.  
(Hlutföll í %)

	1979	1980	1981	1982	1983
Eigið framlag nettó . . . . .	4	2	2	-16	-15
Innstæðu- og sjóðsbreytingar . . . . .	-9	-1	-6	-10	-15
Jöfnuður afborgana og rekstrar . . . . .	13	3	8	-6	0
Skatttekjur og framlög . . . . .	37	35	29	29	29
Lántökur . . . . .	59	63	69	87	86
Erlend lán . . . . .	12	10	16	40	28
Innlend lán . . . . .	47	53	53	47	58
Frá ríkissjóði . . . . .	-	-	-	-	6
Frá bankakerfi . . . . .	3	8	13	6	5
Frá lífeyrissjóðum . . . . .	27	30	25	25	30
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði . . . . .	4	2	3	3	-
Innkominn skyldusparn. bruttó . . . . .	13	13	12	13	17
Ný útlán . . . . .	100	100	100	100	100

## Fjármögnun

Auk fjárstreymisyfirlits, sem vitnað var til hér að framan, má sjá af hlutfallsyfirliti, að fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða er í líkum farvegi árið 1983 og árið á undan. Vert er þó að benda á þá mikilvægu breytingu, að framlög af eigin rekstri eru ekki neikvæð svo



sem var á árinu 1982. Einnig hefur tekist að lækka hlutdeild erlendra lántaka úr 40% 1982 í um 28% 1983 og auka innlendar lántökur að sama skapi. Munar þar mest um sérstaka lánaþyrngreiðslu ríkissjóðs til íbúðalánakerfisins að fjárhæð 150 m.kr. og aukna hlutdeild lífeyrissjóðalána. Fyrirnefnda láninu má að vísu jafna við erlendar lántökur að því leyti, að ríkissjóður þarf jafnan að leita eftir erlendum lánunum, auk þess sem yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka jókst á árinu svo sem nánar er útlitað í öðrum köflum þessarar skýrslu. Mikil aukning varð á innstæðum og sjóði fjárfestingarlánasjóða 1983, annað árið í röð, og nemur lausafjárstaða þeirra um 735 m.kr. í árslok 1983 og hafði rúmlega tvöfaldast á árinu.

Tafla VI.3. Lán Framkvæmdasjóðs.


	Í milljónum króna				1983
	1980	1981	1982	1983	Breyt. frá f. ári %
Stofnlánadeild landbúnaðarins	27,5	41,0	56,0	103,0	84
Fiskveiðisjóður Íslands . . . . .	59,1	98,8	245,0	663,0	171
Iðnlánasjóður . . . . .	29,8	51,0	85,0	150,0	76
Verzlunarlánasjóður . . . . .	3,6	7,0	9,0	12,0	33
Stofnlánadeild samvinnufélaga	3,6	7,0	9,0	12,0	33
Ferðamálasjóður . . . . .	5,0	4,0	15,5	22,0	42
Lánasjóður sveitarfélaga . . . . .	16,6	33,0	50,0	30,0	-40
Bygðasjóður . . . . .	19,8	39,0	188,0	137,3	-27
Landflutningasjóður . . . . .	3,0	3,6	5,3	4,0	-25
Framleiðsluráð landbúnaðarins	30,0	17,0	20,0	-	-100
Lán til annarra aðila . . . . .	8,9	25,7	21,5	38,8	80
	206,9	327,1	704,4	1.172,1	66

### Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóður er eins konar lántökusjóður fyrir stóran hluta fjárfestingarlánasjóðakerfisins. Þann hluta mynda þeir sjóðir, sem taldir eru upp í töflu VI.3., en utan við standa íbúðalánasjóðir. Um 90% af nýjum lántökum í Framkvæmdasjóðskerfinu voru tekin með milligöngu Framkvæmdasjóðs, og um 92% nýrra útlána þess eiga uppruna sinn í honum á árinu 1983. Má af þessum tölum nokkuð marka mikilvægi Framkvæmdasjóðs. Auk innlendra lána frá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum sá Framkvæmdasjóður um erlendar lántökur, sem samtals voru metnar á um 682 m.kr. á árinu 1983. Í júlí tók hann að láni 13 milljónir vestur-þýskra marka hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, og samið var í nóvember um 20 milljóna dollara lán við nokkra erlenda banka undir forystu Hambros Bank Ltd. í London, en ákveðið að nota aðeins helminginn af því á árinu 1983. Í sama mánuði tók Framkvæmdasjóður þriðja lánið hjá nokkrum bönkum í Japan undir forystu Sumitomo Bank og var það að fjárhæð 5000 milljónir japanskra yena, en um leið var borgað upp 12 milljóna dollara lán, sem tekið var 1982, og telst aðeins mismunurinn, sem nemur um 2160 milljónum yena, til erlendra lána árið 1983. Auk Framkvæmda-

sjóðs fékk Iðnþróunarsjóður í nóvember 2.215.000 dollara lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum, og eru þá upptalin erlend lán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1983.

## Lífeyrissjóðir



Ráðstöfunarfé þeirra 90 lífeyrissjóða, sem skýrslur ná yfir, er áætlað um 2430 m.kr. á árinu 1983 samanborið við 1390 m.kr. 1982 og hefur því aukist um 75%. Árið 1982 varð aukningin 46%. Hlutfall ráðstöfunarfjár sjóðanna af þjóðarframléiðslu óx mjög á áttunda áratugnum eða úr 2% við upphaf hans í um 4,5% í lok áratugarins og má ætla, að hlutfallið hafi verið nálægt því undanfarin þrjú ár. Upplýsingar um útlán lífeyrissjóðanna á árinu 1983 benda til þess, að þeir hafi aukið lán til ríkissjóðs og fjárfestingarlánasjóða meira heldur en önnur ný útlán. Er talið, að lán, sem uppfylla skilyrði um svokölluð skyldukaup, hafi numið 36% af ráðstöfunarfé árið 1983, en 34% árið 1982. Enn vantar því á, að lögbundið mark náist, þar sem það er ákveðið 40%. Nokkur vandi hefur steðjað að framkvæmdaaðilum lánsfjáráætlunar vegna þessa og einnig þess, að ekki hefur tekist að beina lífeyrissjóðalánunum eftir þeim brautum, sem ætlað var við gerð áætlunarinnar. Athyglisvert er, að enn virðast lífeyrissjóðir auka lausafjárstöðu sína á árinu 1983, þar sem innstæður og sjóðir eru um 430 m.kr. hærrí í árslok heldur en við ársbyrjun.

Tafla VI.4. Fjárstreymi lífeyrissjóða.


	Bráðabirgðatölur 1982		Áætlun 1983	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
Fjármagnshreyfingar og rekstur nettó . . . . .	700	51	1.225	75
Iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum . . . . .	690	41	1.205	75
Ráðstöfunarfé alls . . . . .	1.390	46	2.430	75
Ný útlán . . . . .	1.260	45	2.000	59
Til Byggingarsjóðs ríkisins . . . . .	129	8	268	108
Til Byggingarsjóðs verkamanna . . . . .	67	415	116	73
Til Framkvæmdasjóðs . . . . .	90	29	146	62
Til annarra fjárfestingarlánasjóða . . . . .	128	56	256	100
Til ríkissjóðs v/lánsfjáráætlunar . . . . .	55	-4	87	58
Önnur útlán . . . . .	791	51	1.127	42
Innstæðu- og sjóðsbreytingar . . . . .	130	.	430	.

## VII. GENGISMÁL

### Alþjóðleg gengisþróun


Þróun gengis á helstu viðskiptagjaldmiðlum heims einkenndist á árinu 1983 áfram af háum vöxtum á Bandaríkjadollar. Varð það til að halda áfram sterku gengi dollars vel umfram það, sem kaupmáttur hans sagði til um. Styrkur hans endurspegladist að nokkru leyti í gengissigi sterlingspundsins og þýska marksins, en japanska yenið og svissneski frankinn héldu betur velli. Við árslok 1983 benti margt til, að dollarinn væri mjög yfirskráður á gjaldeyrismörkuðum, og líkur höfðu aukist á lækkun hans á árinu 1984.

### Gengi íslensku krónunnar



Þróun gengis íslensku krónunnar á árinu 1983 einkenndist annars vegar af mjög hröðu gengissigi á fyrstu fimm mánuðum ársins og tveim gengisfellingum á sama tímabili, en eftir það var genginu haldið stöðugu út árið. Árið byrjaði með lokun gjaldeyrisviðskipta til 5. janúar, en þá var meðalgengi krónunnar lækkað um 9% miðað við skráð gengi í árslok 1982. Hélt vegið meðalgengi krónunnar nokkuð stöðugt út janúarmánuð, en í febrúar byrjaði nokkuð hratt gengissig, sem stóð fram til 25. maí, en þá var gengisskráning felld niður í tvo daga. Þann 27. maí var gengisskráning tekin upp að nýju eftir að gengið hafði verið fellt um 14,6%. Hafði gengið þannig lækkað frá árslokum til 27. maí um 37,2%, sem svarar til 59,2% hækkunar á gengi erlendra gjaldmiðla.

Efnahagsaðgerðirnar í maílok höfðu stöðugleika gengis að einum aðalhyrningarsteini sínum, og hélt meðalgengi krónunnar svo stöðugt það sem eftir var ársins, að það breyttist um minna en 1% frá maílokum. Hins vegar breyttist gengi krónunnar gagnvart einstökum gjaldmiðlum allmikið á árinu, sem endurspegladi innbyrðis gengisbreytingar gjaldmiðla á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, sem lýst hefur verið hér að framan. Þannig hækkaði Bandaríkjadollar um 72,5% gagnvart íslenskri krónu milli ársloka 1982 og 1983, gengi SDR um 63,7%, þýska marksins um 50,6% og sterlingspundsins um 55,2%.




## Raungengi

Með því að bera saman verð- eða kostnaðarþróun hér á landi og í umheiminum, hvort tveggja mælt í sömu mynt, má fá mynd af því, hvaða áhrif gengið hefur haft á samkeppnisstöðu innlendra atvinnuvega gagnvart erlendum. Slíkir mælikvarðar eru oft nefndir raungengi, þar sem þeir fela í sér, að gengið hefur verið leiðrétt fyrir mismun innlendra og erlendra verðbólgu. Raungengið er talið hækka, þegar lækun gengis krónunnar er ekki nægjanleg til að veða upp mun innlendra og erlendra verðbólgu, en það felur í sér, að samkeppnisstaða innlendra atvinnugreina versnar. Einkum er stuðst við tvo slíka mælikvarða á raungengið, þ.e. annars vegar verðsamburð og hins vegar kostnaðarsamburð, einkum samburð launakostnaðar. Á meðfylgjandi línuriti er sýnt raungengi krónunnar, mælt með því að bera saman verðvísitölu landsframleiðslu hér á landi annars vegar og í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum hins vegar.

Tafla VII.1. Raungengi íslensku krónunnar.

1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
84,7	87,2	90,9	101,5	115,3	90,1	100,1
1977	1978	1979	1980	1981	1982 <sup>1)</sup>	1983 <sup>1)</sup>
112,5	104,3	100,0	100,3	105,1	97,6	90,8

<sup>1)</sup> Bráðabirgðatölur.



Á þennan mælikvarða fellur raungengið um nær 7% hvort árið 1982 og 1983. Raungengið hafði hins vegar hækkað nokkuð á árinu 1981 vegna aðhaldssamrar gengisstefnu stjórnvalda á því ári. Raungengið var með lágsta móti á árinu eða svipað og 1975, en lágt raungengi hefur jafnan fylgt í kjölfar efnahagsáfalla, þar sem gengið hefur verið lækkað umfram mun innlendra og erlendra verðbólgu til að vinna á móti verri samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og draga úr viðskiptahalla við útlönd. Raungengið náði lágmarki á

öðrum ársfjórðungi, en hækkaði síðan nokkuð, eftir að tekið var upp stöðugt gengi eftir gengisfellinguna í maí, og var orðið um 5% hærra á síðasta ársfjórðungi en að meðaltali á árinu öllu. Mæling afstæðs launakostnaðar gefur í stórum dráttum svipaða mynd af þróun raungengisins. Þó varð lækkunin milli 1982 og 1983 mun meiri eins og við var að búast eða um 16%. Gróflega má áætla, að launakostnaður hér á landi samanborinn við launakostnað í viðskipta- og samkeppnislöndum hafi náð lágmarki á þriðja ársfjórðungi og verið þá um 7% lægri en að meðaltali á árinu, en afstæði launakostnaðurinn hækkað síðan um tæplega 3% á síðasta fjórðungi ársins.

## VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg viðskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á árinu 1983 var Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, áfram aðalfulltrúi Íslands í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Tómas Árnason fram til 27. maí og Ragnar Arnalds varafulltrúi hans, en frá þeim degi tóku við Matthías Á. Mathiesen, viðskiptaráðherra, og Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra. Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var aðalfulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fram til 15. janúar 1983, en þá tók John Tvedt frá Noregi við. Varafulltrúi var Leif Vidvei frá Noregi fram til 6. mars, en þá tók Arne Lindå frá Svíþjóð við. Pekka Korpinen frá Finnlandi var aðalfulltrúi Norðurlanda í bankastjórn Alþjóðabankans og Ole L. Poulsen frá Danmörku varafulltrúi hans fram til 7. júlí, en þá tók Per Taxell frá Svíþjóð við. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur í höfuðstöðvum stofnananna í Washington D.C.

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Washington D.C. í lok september, og sóttu hann Albert Guðmundsson, Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Sigurgeir Jónsson og Þórhallur Ásgeirsson. Jóhannes Nordal var talsmaður Norðurlanda í millifundanefnd sjóðsins (Interim Committee) frá september 1982 til september 1983.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðasta starfsári, sem lauk í apríl 1983, einkenndist fyrst og fremst af greiðslujafnaðarerfiðleikum og lánavanskilum nokkurra stórra þróunarlanda, sem komust nærri því að hrinda af stað meiriháttar kreppu í alþjóðlegum fjármálavið-

skiptum. Nokkur stór lönd, Mexíkó, Brasilía og Argentína, réðu ekki við erlenda skuldabyrði sína og neyddust til að endursema um erlendar skuldir og lengja lánsfrest. Tók Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þátt í þessum samningaumleitunum og gegndi þar þýðingarmiklu forystuhlutverki. Ennfremur tók hann þátt í samskonar samningum fyrir nokkur önnur ríki, bæði meðal þróunarlanda og í Austur-Evrópu. Með þessu móti var kerfi alþjóðagjaldeyrismála forðað frá stórfelldum, keðjuverkandi erfiðleikum, sem annars hefðu áreiðanlega dunið yfir og haft áhrif á allar þjóðir, sem skulda mikið erlendis, þ.á m. Íslendinga. Erfiðleikarnir í alþjóðaviðskiptum, sem stöfuðu af áframhaldandi slaka í búskap margra af stærri iðnríkjunum á árinu 1983, urðu til þess, að eftirspurn eftir lánsfé frá sjóðnum var áfram mikil. Ný lán jukust úr 7,0 milljörðum SDR á fjárhagsárinu 1982 í 10,3 milljarða SDR 1983. Nettó jukust þær úr 5,0 milljörðum SDR 1982 í 8,7 milljarða SDR 1983 og hafa aldrei verið hærrí.

### **Kvótaaukning Sjóðsins**

Í mars 1983 samþykkti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að hækka heildarkvóta aðildarlanda sinna úr 61 milljarði SDR í 90 milljarða SDR eða um 47,5%. Var Íslandi úthlutað kvótahækkun úr 43,5 milljónum SDR í 59,6 milljónir SDR, en hana samþykkti Alþingi með lögum nr. 68/1983. Einn fjórða hluta af kvótaaukningunni greiddi Seðlabankinn í sérstökum dráttarréttindum, en þrír fjórðu voru greiddir í íslenskum krónum. Fjórðungurinn í SDR telst áfram vera hluti af gjaldeyrisforða bankans, og er hægt að taka hann til notkunar hvenær sem er án allra skilyrða. Gengið var frá kvótaaukningunni af hálfu bankans fyrir árslok 1983, en þá tók hún gildi.

Engin lán voru tekin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum af Íslands hálfu á árinu 1983. Í lok ársins skuldaði Ísland Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 21,5 milljónir SDR, sem var jöfnunarlán, tekið í desember 1982, auk 9,04 milljóna SDR, sem Seðlabankinn hafði tekið í nóvember 1982 af innstæðu sinni hjá sjóðnum. Í ársbyrjun 1983 námu eldri skuldir við sjóðinn 1,7 milljónum SDR, sem endurgreiddar voru á árinu.

### **Áttunda grein stofn- sammings Sjóðsins**

Hinn 19. september 1983 tilkynnti Seðlabankinn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að Ísland hefði uppfyllt skilyrði 8. gr. stofnskrár hans og mundi hér eftir haga gjaldeyrisáttálum sínum í samræmi við þá grein. Í þessu felst, að gjaldeyrisviðskipti, önnur en fjármagnshreyfingar, verði yfirleitt frjáls, eitt og sama gengi gildi fyrir alla og aðilum sé ekki mismunað á neinn hátt í gjaldeyrisáttálum. Jafnframt skuldbindur Seðlabankinn sig til að skipta íslenskum krónum í erlendan gjaldeyri, sem erlendir aðilar eignast með löglegum hætti í viðskiptum. Er íslenska krónan þar með orðin skiptifrjáls í viðskiptum út á við eins og gjaldmiðlar nágrannalandanna. Voru það fyrst og fremst efnahagsaðgerðirnar í maí og afnám skatts á sölu ferðagjaldeyris í ágúst, sem gerðu nú kleift að ná þessu markmiði.

### **Gjaldeyrissamningur seðlabanka Norður- landa**

Í árslok 1983 tók gildi breyting á samningi milli seðlabanka Norðurlanda um auknar heimildir til skammtímagjaldeyrislána þeirra í milli. Samningar um slík gjaldeyrislán hafa verið í gildi allt frá árinu 1962, og hefur Seðlabankinn einu sinni tekið slíkt lán. Samkvæmt hinu nýja samkomulagi mun Seðlabankinn geta tekið að láni allt að 30 milljónir SDR hjá seðlabönkum hinna Norðurlandanna, sé þess þörf vegna óhagstæðrar gjaldeyrisstöðu. Sömuleiðis tekur Seðlabankinn á sig þá skyldu að lána seðlabönkum hinna Norðurlandanna samtals allt að 20 milljónir SDR, ef þörf krefur. Samningur þessi var síðast endurskoðaður 1976, en samkvæmt honum voru lántökuréttur og lánveitingarskylda Íslands takmörkuð við 10 milljónir SDR. Er því um þreföldun á lántökuréttinum og tvöföldun á lánveitingarskyldunni að ræða. Fyrir seðlabanka hinna Norðurlandanna gildir það jafnframt frá áramótum, að lántökuréttur hvers þeirra verður hækkaður í allt að 150 millj. SDR og lánveitingarskyldan í 100 millj. SDR, en hvorttveggja nam áður allt að 60 milljónum SDR.

### **Norrænt samstarf**

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Borgarnesi dagana 28.–30. júní 1983. Fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og alþjóðleg gjaldeyris- og efnahagsmál með tilliti til Norðurlandanna. – Fjárhagsnefnd Norðurlanda starfaði einnig allt árið og fjallaði um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en einnig starfar hún á vegum Norðurlandaráðs með verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála. Þá tók Seðlabankinn þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem annast erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum.



## IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Á árinu voru veittar 16 nýjar ríkisábyrgðir, sem er nokkru færri en árið áður. Fjárhæð nýrra ábyrgða var mun lægri en árið á undan, eins og sjá má á yfirlitinu hér á eftir.

Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1982 og 1983.

	1982		1983	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir . . . . .	7	1,0	7	4,2
Iðnaður . . . . .	3	48,8	5	211,1
Samgöngur . . . . .	–	–	1	48,6
Togarar og fiskiskip . . . . .	6	12,7	–	–
Rafveitur og virkjanir . . . . .	1	6,0	–	–
Hítaveitur . . . . .	1	480,0	–	–
Annað . . . . .	5	61,6	3	60,0
	23	610,1	16	323,9

Í lok ársins nam heildarfjárhæð ríkisábyrgða 10.438 m.kr. og hækkaði á árinu um 4.820 m.kr. Af lánum með ríkisábyrgð voru í árslok 6.599 m.kr. háðar gengistryggingu og 3.598 m.kr. bundnar vísitölu.

Greiðslur, sem falla á Ríkisábyrgðasjóð vegna ríkisábyrgða, hafa farið stöðugt vaxandi undanfarin ár og voru á árinu 1983 meiri en nokkru sinni fyrr. Yfirlit yfir innleystar kröfur og endurgreiðslur frá skuldurum árin 1979–1983 fer hér á eftir.

Tafla IX.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs 1979–1983.  
(Í milljónum króna)

	1979	1980	1981	1982	1983
Innleystar kröfur . . . . .	34,1	42,7	60,6	89,1	193,1
Endurgreiðslur skuldara . . . . .	30,2	36,5	60,6	66,6	91,1
	3,9	6,2	0,0	22,5	102,0

## Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn annast ráðgjöf og ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur ríkissjóðs, innanlands og utan. Bankinn annast t.d. innlenda verðbréfaútgáfu ríkissjóðs. Ríkisábyrgðasjóður annast afgreiðslu og vörslu þeirra lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af andvirði lána, sem hann tekur til endurlána. Í árslok 1983 nam höfuðstóll endurlána ríkissjóðs 17.784 m.kr. og hækkaði á árinu um 7.839 m.kr. Ný lán, veitt á árinu, námu 2.345 m.kr.

## Spariskírteini

Samkvæmt fjárlögum 1983 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 200 m.kr. Spariskírteini voru gefin út í 2 flokkum á árinu, og gekk sala heldur dræmt. Sala fyrri flokksins hófst 1. mars og lauk 30. júní, og voru seld skírteini að nafnverði 64 m.kr. Sala síðari flokksins hófst 15. nóvember og lauk 30. desember, og seldust skírteini að nafnverði 43 m.kr. Alls nam sala spariskírteina því 107 m.kr. á árinu. Kjör skírteina í fyrri flokki voru hin sömu og árið áður, hámarkslánstími 20 ár og meðalvextir 3,5% p.a. Við útgáfu síðari flokksins var kjörum breytt nokkuð. Hámarkslánstími þeirra er 17 ár, vextir hækkuðu í 4,16% og gjalddagar eru 2 á ári, en til þessa hefur gjalddagi verið einu sinni á ári. Skírteini í báðum flokkum eru innleysanleg eftir 3 ár.

Þetta er tuttugasta árið, sem ríkissjóður aflar fjár með útgáfu spariskírteina. Alls hafa verið gefnir út 37 flokkar skírteina að nafnverði samtals 513,6 m.kr. Af þessum 37 flokkum eru 11 fallnir til lokainnlausnar. Nafnverð óinnleysta skírteina nam í árslok 501,1 m.kr., en að meðtöldum vöxtum og verðbótum nam verðmæti þeirra 4.193,5 m.kr. Innlausnarverð þeirra skírteina, sem innleysanleg voru við lok ársins, nam þá 2.060,7 m.kr.

## Happdrættisbréf

Á árunum 1972–1981 voru gefnir út 11 flokkar verðtryggðra happdrættisskuldabréfa samtals að nafnverði 23,6 m.kr. Andvirði bréfaanna var varið til vegaframkvæmda. Á árinu komu til innlausnar 2 flokkar þessara bréfa. Nafnverð óinnleysta bréfa nam 20,6 m.kr. í árslok 1983, en að viðbættum verðbótum nam verðmæti þeirra 495,4 m.kr.

## Önnur innlend fjáröflun

Leitað var eftir því, að sparissjóðir og lífeyrissjóðir keyptu verðtryggð skuldabréf af ríkissjóði með svipuðum hætti og árin á undan. Sparissjóðir keyptu slík bréf fyrir 18,8 m.kr., en kaup lífeyrissjóða námu alls 85,0 m.kr.

## Erlend lán

Eins og áður hafði Seðlabankinn á árinu milligöngu við útvegum erlendra framkvæmdalána fyrir ríkissjóð og veitti ýmsum ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum aðstoð og ráðgjöf við erlendar lántökur. Á árinu tók ríkissjóður 4 stór erlend lán. Í maí var samið við

2 hollenska banka, Amsterdam-Rotterdam Bank og Bank voor Nederlandsche Gemeenten, um lán að fjárhæð 40 millj. hollenskra gyllina. Lánið er til 10 ára og vextir 8 7/8% p.a. Það er afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum árin 1989–1993. Lánsandvirði nam 315,7 m.kr. á lántökudegi. Í maí var tekið lán í Bretlandi fyrir milligöngu Hambros Bank Ltd. Fjárhæð lánsins var 15,0 millj. sterlingspunda, sem jafngilti 649,5 m.kr. Lánið er til 34 ára og endurgreiðist í einu lagi í janúar 2016. Vextir eru 14 1/2% p.a., og útgáfugengi var 101,25%. Í júlí var tekið lán hjá bandarískum tryggingarfélagum o.fl. fyrir milligöngu Blyth, Eastman, Payne, Webber Inc. Lánið, sem er 15,0 millj. Bandaríkjadala, jafnvirði 414,9 m.kr., er til 10 ára, afborgunarlaust fyrstu 4 árin, en endurgreiðist árin 1988–1993. Vextir eru um 12,8% p.a. Í desember var samið um lán hjá bönkum og tryggingarfélagum í Japan. Lánið, sem er 5.000 millj. yena, jafnvirði 606,6 m.kr., var tekið fyrir milli-göngu Nikko Securities Co. o.fl. Það er til 10 ára, afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðist 1989–1993. Vextir eru 8,4% p.a. Andvirði lánanna er varið til framkvæmda í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Nánar er fjallað um ráðstöfun fjárins í kafla IV hér að framan.

## Orkusjóður

Á fjárlögum 1983 voru Orkusjóði alls ætluð framlög að fjárhæð 118,3 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, sem á fjárlögum var áætlað 120,0 m.kr., en varð 287,3 m.kr. Lántökur sjóðsins námu 310,8 m.kr. árið 1983, en lánveitingar urðu 311,4 m.kr. og skiptust þannig:

*Tafla IX.3. Lánveitingar Orkusjóðs 1983.  
(Í milljónum króna)*

Lán til raforkuframkvæmda . . . . .	293,3	
Hitaveitulán . . . . .	6,1	
Lán til jarðhitaleitar . . . . .	10,9	
Lán til einkarafstöðva . . . . .	1,1	
Samtals . . . . .	311,4	

Vaxtatekjur sjóðsins urðu 310,5 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld 292,6 m.kr. (bráðabirgðatölur). Framlög og styrkveitingar úr Orkusjóði námu alls 338,6 m.kr. og skiptust eins og sjá má á töflu IX.4:

*Tafla IX.4. Styrkveitingar og framlög úr Orkusjóði 1983.  
(Í milljónum króna)*

<i>Skv. 71. gr. orkulaga:</i>			
Til sveitarafvæðingar . . . . .	22,5		
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum . . . . .	26,2	48,7	
Til jarðhitarannsóknna . . . . .		39,6	
<i>Af verðjöfnunargjaldi:</i>			
Til Rafmagnsveitna ríkisins . . . . .	226,5		
Til Orkubús Vestfjarða . . . . .	56,5		
Til Rafveitu Siglufjarðar . . . . .	2,8	285,8	
		374,1	

## Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti alls 11 lán á árinu samtals að fjárhæð 16,6 m.kr. Styrkir voru veittir 19 hafnarsjóðum, og nam heildarfjárhæð styrkjanna 9,8 m.kr. Sé borið saman við árið á undan, eru lánveitingar til muna hærri, voru 5,3 m.kr. 1982, og styrkveitingar hafa aukist nokkuð, voru 7,4 m.kr. árið áður. Á árinu var tekið lán hjá Byggðasjóði að fjárhæð 9,0 m.kr. og bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði að fjárhæð 5,0 m.kr. Framlag til sjóðsins samkvæmt fjárlögum 1983 var 10,4 m.kr., en að auki var veitt viðbótarfjárveiting, 5,2 m.kr., svo að alls urðu framlög ríkissjóðs 15,6 m.kr. Vaxtatekjur sjóðsins á árinu urðu 11,1 m.kr., en vaxtagjöld 5,0 m.kr.

## Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Á árinu 1983 dró enn úr virkni verðjöfnunar gagnvart þeim sjávarafurðum, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins nær til. Var aðeins um að ræða verðjöfnun á 5 afurðum af 17, þ.e. frystum hörpudiski og rækju, óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum og skreið. Aðrar afurðir voru hlutlausar, ýmist vegna lækkandi verðs samfara greiðsluþroti, sem þær lentu í á árunum 1981 og 1982, eða tiltölulega stöðugs verðlags, sem gaf ekki tilefni til verðjöfnunar.

Gert er ráð fyrir, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1983 geti numið um 140,7 m.kr. og greiðslur í sjóðinn um 48,5 m.kr. eða 92,2 m.kr. greiðslu úr sjóðnum umfram innborganir.

Endanlegt uppgjör liggur nú fyrir um greiðslur (verðhækkunatekjur og verðbætur), að því er snertir allar afurðir, framleiddar á árinu

Tafla IX.5. Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.  
(Í milljónum króna)

	Framleiðsla 1982		Framleiðsla 1983	
	Innh.	Útgr.	Innh.	Útgr.
Frystar fiskafurðir . . . . .		9,0	48,5	
Freðfiskur . . . . .	—	—	—	—
Humar . . . . .	—	—	—	—
Rækja . . . . .		1,7	34,0	
Hörpudiskur . . . . .		7,34	14,5	
Saltsíld . . . . .	—	—	—	—
Saltfiskafurðir . . . . .		6,8		117,7
Saltfiskur, óverkaður . . . . .		4,3		114,0
Saltfiskur, verkaður . . . . .	—	—	—	—
Söltuð ufsaflök . . . . .		2,5		3,7
Skreið . . . . .		135,0		23,0
Mjöl- og lýsisafurðir . . . . .		1,2	0	0
Mjöl . . . . .		0,9	—	—
Loðnummjöl . . . . .	—	0,9	—	—
Spærlings- og kolmunnamjöl . . . . .	—	—	—	—
Fiskmjöl . . . . .	—	—	—	—
Síldarmjöl . . . . .	—	—	—	—
Lýsi . . . . .		0,3	—	—
Loðnulýsi . . . . .		0,3	—	—
Síldarlýsi . . . . .	—	—	—	—
Samtölur afurða . . . . .	—	152,0	48,5	140,7
Samtölur deilda . . . . .	—	152,0	48,5	140,7
Samtölur Verðjöfnunarsjóðs nettó . . . . .		152,0		92,2

1982, að skreið undanskilinni, en vegna söluerfiðleika hefur enn ekki tekist að gera þá afurð upp á grundvelli verðjöfnunar, en hins vegar liggur orðið nokkuð ljóst fyrir, að um verulegar verðbætur verður að ræða á þessa framleiðslu vegna mikillar verðlækkunar. Hér er um mikla breytingu að ræða, frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi ársins 1982, en þá var áætlað, að skreiðin myndi greiða í sjóðinn nokkrar milljónir króna. Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1983 er enn ekki lokið, og eru því tölur fyrir það ár í eftirfarandi yfirliti að mestu byggðar á áætlun:

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 259,8 m.kr. í árslok 1982, en 277,8 m.kr. í árslok 1983. Átti skreiðardeildin mest bæði árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1982 og 1983 ásamt breytingum á árinu 1983, skipt eftir deildum:

Tafla IX.6. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.

	Stofn- fjárd.	Frysti- afurðad.	Salt- sildard.	Salt- fiskd.	Skreið- ard.	Mjöl- og lýsisd.	Alls
Innstæður							
31/12'82 . . .	0,4	51,7	0,3	78,6	122,4	6,2	259,6
Inngr./Útgr.	-0,0	9,4	-0,0	-92,1	-103,2	-4,0	-189,9
Gengisuppf.	0,3	33,3	0,2	48,5	78,9	3,0	164,2
Vextir <sup>1)</sup>	0,1	7,0	0,0	7,8	16,4	0,6	31,9
Framlag frá gengismun 1981 <sup>2)</sup>	-	-	-	1,1	2,4	-	3,5
Framlag frá gengismun 1982 <sup>3)</sup>	-	-	-	3,6	3,1	1,8	8,5
Innst. 31/12'83	0,8	101,4	0,5	47,5	120,0	7,6 <sup>4)</sup>	277,8

<sup>1)</sup> Vextir voru 9,24%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.

<sup>2)</sup> Á árinu fór fram endanlegt uppgjör gengismunar af óverkuðum saltfiski og skreið (áður hafði gengismunur af frystum hörpudiski og saltsíld verið gerður endanlega upp). Samtals nam gengismunurinn 21,8 m.kr. Upptaka þessa gengismunar var ákveðin í lögum nr. 81/1981.

<sup>3)</sup> Á árinu fór fram endanlegt uppgjör gengismunar af óverkuðum saltfiski, skreið og loðnumjöldi og -lýsi. Samtals nam gengismunurinn 37,5 m.kr. Upptaka þessa gengismunar var ákveðin í lögum nr. 28/1982.

<sup>4)</sup> Lán að upphæð 42 m.kr., sem tekið var á árinu 1981 í þeim tilgangi að gera sjóðnum kleift að standa undir greiðslum verðbóta á loðnumjöldi og -lýsi, framleiddu á tímabilinu frá 1. október 1981 til loka vetrarloðnuvertíðar 1982, stóð framreiknað ásamt vöxtum í 124,7 m.kr. um áramótin 1983/1984.

## Olíusjóður fiskiskipa

Olíusjóður fiskiskipa var settur á stofn með lögum nr. 1/1983 í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á árinu 1983 samkvæmt nánari reglum sjávarútvegsráðuneytisins. Var Seðlabanka Íslands falið að annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslur úr honum. Sambærilegur sjóður var einnig starfræktur á árinu 1982, þ.e. tímabilið frá 1/9 til 31/12.

Sjóðurinn var aðeins starfræktur fyrstu 5 mánuði ársins, þar sem ákveðið var með bráðabirgðalögum nr. 55/1983 frá 27. maí 1983 að fella lög hans úr gildi.

Tekjur sjóðsins voru 4% útflutningsgjald af sjávarafurðum, framleiddum á tímabilinu frá 1/1 til 31/5 1983, með örfáum undantekningum. Um áramótin 83/84 námu þessar tekjur 155,9 m.kr. og var þá áætlað, að enn ætti eftir að skila sér um 21 m.kr. frá fyrrgreindu tímabili.

Með ákvörðun um skiptingu gengismunar skv. 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 55/1983 var ákveðið að verja u.þ.b. 55 m.kr. til greiðslu eftirstöðva skulda sjóðsins, þar með taldir vextir, og hafði sjóðurinn notið 30 m.kr. af þessum gengishagnaði í árslok.

Niðurgreiðsla olíuverðs var ákveðin 35% af útsöluverði eins og það var á hverjum tíma, og námu þessar greiðslur 202,7 m.kr., og er það endanleg upphæð.

Í árslok var sjóðurinn í skuld (yfirdrætti á reikningi í Seðlabanka Íslands með ríkisábyrgð), er nam 43,5 m.kr., og eru þá vaxtagjöld umfram vaxtatekjur meðtalin. Áætlað er, að óinnkomin útflutningsgjöld ásamt u.þ.b. 25 m.kr. kröfu á gengismunarreikning mæti þessari skuld að fullu.

## X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

### Helstu lagabreytingar, er snerta bankann á árinu 1983

Með lögum nr. 36 frá 25. mars 1983 var 32. gr. laga bankans breytt þannig, að framvegis skyldi fylgja með ársreikningi sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans. Einnig skyldi í ársreikningi koma fram tiltekin sundurliðun á fjármunamyndun.

Samkvæmt lögum nr. 68 frá 28. nóvember 1983 var ríkisstjórninni heimilað að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43,5 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 59,6 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Skyldi Seðlabanki Íslands leggja fram það fé, sem þyrfti til hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961.

Með lögum nr. 73 frá 22. desember 1983, um breytingu á lögum nr. 63 frá 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, var bankastjórn Seðlabankans heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa sparissjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákvæði. Jafnframt skyldu ákvæði um viðskiptabanka í umræddum lögum nr. 63 frá 1979 taka til sparissjóða og póststjórnarinnar að því marki, sem þessum aðilum væri heimilt að versla með gjaldeyri.

Með lögum nr. 79 frá 28. desember 1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni að gefa út til sölu skuldaviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvixla. Í því sambandi var m.a. heimilað að miða verðtryggingu ríkisskuldabréfa og spariskírteina við gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR).

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 27. maí sl. var kveðið svo á, að vextir skyldu lækka í samræmi við verðbólguþig svo fljótt sem árangur af hjöðnunaraðgerðum gegn verðbólgu leyfði. Var þetta jafnframt í samræmi við þau lög, sem gilda um vaxtaákvörðun, þ.e.

### Vaxtabreytingar

VII. kafla laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. Fyrst eftir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar sl. vor hólst verðbólguþróun enn mjög ör, en eftir að hækkunaráhrif þeirra höfðu að mestu fjarað út, kom fram verulegur árangur í hægari verðbólgu, svo sem ljóst var af vísitölumælingum í byrjun septembermánaðar.

Með gildistöku hinn 21. september var því ákveðið að lækka meðalársávöxtun óverðtryggðra útlána og innlána um því sem næst 7%. Samtímis þessari almennu vaxtabreytingu var ákveðið að breyta endurkaupanlegum afurðalánnum útflutningsframleiðslu í lán með gengisviðmiðun og vöxtum, er fylgdu vöxtum á alþjóðapeningamörkuðum. Þessi ákvörðun var byggð á þeirri skoðun, að slík lánskjör væru útflutningsframleiðslunni að jafnaði hagstæðari en innlend vaxtakjör, sem ákvarðast að verulegu leyti af innlendri verðlagsþróun. Hin gengistryggðu afurðalán miðast við gengi sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR. Vextir af lánnum þessum miðast við vexti af SDR að viðbættum sem næst ¾% á ári og voru fyrst í stað ákveðnir 9½% á ári á lánnum frá innlánsstofnunum.

Alls voru ákveðnar fjórar vaxtabreytingar á árinu, þ.e. hinn 21. september, sem getið er hér að framan, 21. október, 21. nóvember og 21. desember, og er þeirra getið nánar í annál peninga- og gjaldeyrismála 1983, sbr. og yfirlit um þær í töflu hér að neðan.

#### Vaxtabreytingar.

#### Yfirlit um vaxtabreytingar 1983

Innlán:	Nafnvextir %			
	21/9	21/10	21/11	21/12
Ávísana- og hlaupareikningar . . .	21,0	19,0	15,0	10,0
Almennar sparisjóðsbækur . . . .	35,0	32,0	27,0	21,5
3 mánaða sparireikningar . . . .	37,0	34,0	30,0	23,0
12 mánaða sparireikningar . . . .	39,0	36,0	32,0	25,0
<i>Útlán:</i>				
Endurseljanleg lán . . . . .	29,0	29,0	27,0	23,5
Endurseljanleg lán v/útfl.frl. <sup>1)</sup>	9,5	9,5	9,25	9,5
Hlaupareikningslán . . . . .	33,0	30,5	28,0	23,5
Víxlar . . . . .	33,0	30,5	28,0	24,0
Vanskilavextir . . . . .	60,0	57,0	48,0	39,0

<sup>1)</sup> Bundin gengi SDR.

#### Seðlar og mynt

Í árslok 1983 námu seðlar og mynt í umferð 825,0 m.kr. og höfðu aukist um 42,3% á árinu. Árið áður var aukningin 30,3% og árið 1981 88,7%.

Af gamla gjaldmiðlinum voru í árslok 1983 óinnleystir seðlar 8,4 m.kr. eða um 1,6% og 3,5 m.kr. af mynt eða 43,9%. Búið er að brenna um 98% af innleystum seðlum og bræða alla myntina.

#### Gjaldeyrissréttindi

Á árinu 1982 hafði Búnaðarbanka Íslands verið veitt heimild til afhliða gjaldeyrissviðskipta. Bankinn fékk jafnframt aðild að Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál og Lánanefnd, sem báðar starfa á vegum við-



skiptaráðuneytisins skv. lögum nr. 63/1979, um gjaldeyris- og viðskiptamál.

Með bréfi viðskiptaráðuneytisins 20. júní lýsti það þeim vilja sínum, að öðrum bönkum og sparisjóðum verði veittar heimildir til ákveðinna gjaldeyrisviðskipta, einkum afgreiðslu ferðagjaldeyris og opnun gjaldeyrisreikninga, óski þeir eftir því.

Umsóknir lágu þá fyrir frá hlutafélagabönkunum, og starfsrammi fyrir þá hafði verið mótaður í nóvember. Voru leyfi veitt 30. nóvember til Iðnaðarbankans, Verzlunarbankans og Samvinnubankans. Hófu þeir viðskiptin fljótlega. Leyfi til Alþýðubankans var útgefið 5. janúar 1984.

Heimildir þessara banka eru í aðalatriðum þær, sem að ofan greinir. Þeir hafa ákveðið að bíða með að stofna erlenda bankareikninga og byggja á samstarfssamningum, sumir við Landsbankann og aðrir við Útvegsbankann.

Breyting á gjaldeyrislögum vegna aðildar sparisjóða að gjaldeyrisviðskiptum var afgreidd sem lög nr. 73 22. desember 1983. Fengu fimm sparisjóðir heimild 19. janúar 1984 og hófu viðskipti með sama sniði fljótlega á eftir.

## **Starfsemi bankaeftirlits**

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana, sbr. 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Innlánsstofnanir eru skv. lögnum viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og hver sú stofnun önnur, sem tekur við innlánnum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati bankans. Póstgíróstofan telst til innlánsstofnana samkvæmt fyrrnefndri skilgreiningu. Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Skylt er bankaeftirlitinu að tilkynna ráðherra þegar í stað, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan. Eftirlitið er framkvæmt með reglubundnum heimsóknnum í innlánsstofnanir, þar sem gerðar eru nákvæmar athuganir á útlánnum og öðrum efnahags- og rekstrarliðum. Auk þess safnar bankaeftirlitið margvíslegum upplýsingum um mánaðarlegan efnahag og rekstur innlánsstofnana í skýrsluformi. Bankar og sparisjóðir skila til bankaeftirlitsins ítarlega sundurliðuðum ársreikningum, og hafa þeir verið gefnir út árlega í samandregnu og samræmdu formi sl. 11 ár. Auk reglubundins eftirlits með innlánsstofnunum sinnir bankaeftirlitið margvíslegum öðrum verkefnum, og má þar m.a. nefna framkvæmd innlánsbindingar, umsjá með gjaldskrár fyrir innlánsstofnanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og 11. gr. laga nr. 63/1979, afgreiðslu á umsóknnum um stofnun útibúa o.fl. Samkvæmt lögum um skattskyldu innlánsstofnana, nr. 65/1982, er Seðla-

bankanum falin innheimta á fyrirfrangreiðslu skatta hjá innlánsstofnunum. Bankaæftirlitið annast þá innheimtu. Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1982 og 1983:

*Afgreiðslustaðir innlánsstofnana.*

	Árslok 1982	Árslok 1983
Viðskiptabankar . . . . .	7	7
Útibú og umboðsskrifstofur viðskiptabanka	109	115
Sparisjóðir . . . . .	40	40
Útibú og umboðsskrifstofur sparisjóða . . . .	3	5
Innlánsdeildir samvinnufélaga . . . . .	31	29
Afgreiðslustaðir alls:	190	196

Eftirfarandi er yfirlit yfir nýja afgreiðslustaði banka og sparisjóða, sem opnaðir voru á árinu 1983:

- Landsbanki Íslands, útibú á Patreksfirði.
- Búnaðarbanki Íslands, útibú í Kópavogi.
- Útvegsbanki Íslands, útibú í Reykjavík, Hlíðahverfi.
- Samvinnubanki Íslands h/f, útibú í Reykjavík, Höfðabakka.
- Verzlunarbanki Íslands h/f, útibú í Reykjavík, v/Kringlumýrarbraut.
- Iðnaðarbanki Íslands h/f, útibú í Reykjavík, Réttarholtsvegi.
- Sparisjóður Reykjavíkur og nágrr., útibú á Seltjarnarnesi.
- Sparisjóður Kópavogs, umboðsskrifstofa, Digranesvegi, Kópavogi.

Tvær innlánsdeildir samvinnufélaga voru lagðar niður á árinu, þ.e. innlánsdeild Sláturfélagsins Örlygs, Örlygshöfn, og innlánsdeild Kaupfélags Rauðasandshrepps.

Í árslok 1983 lágu fyrir óafgreiddar umsóknir um 33 nýja afgreiðslustaði banka og sparisjóða.

**Starfsemi  
lánadeildar**

Meginhlutverk lánadeildar er umsjón endurkaupaviðskipta bankans. Jafnhliða þessum umsvifum hefur starf lánadeildar á seinustu misserum færst í sívaxandi mæli yfir á svið millibanka- og skuldabréfa- viðskipta.

Sú skuldbreyting við útgerðina, sem hófst á haustdögum 1982, stóð enn yfir í byrjun ársins, og var henni ekki að fullu lokið fyrr en í maí-mánuði sl. Meginþættir þessarar skuldbreytingar voru þeir, að útgerðarfyrirtæki gátu fengið skuldbreytt vanskilaskuldum innan viðskiptabankanna og að nokkru við aðra viðskiptamenn, þó samanlagt að hámarki 10% af váttryggingarverði skipa í eigu viðkomandi útgerðar. Skuldbreytingarlánin voru til 5 ára og bera almenna skuldabréfavexti, þó með þeirri undantekningu, að skuldbreytingarlán útgerðarfyrirtækja vegna skulda við olúfélög eru verðtryggð með lánskjaravísitölu, en vaxtalaus.

Alls fengu 286 fyrirtæki í sjávarútvegi fyrirgreiðslu í formi skuldbreytingar út á 420 skip, og námu skuldbreytingarlánin samtals 517,5 m.kr.

*Skuldbreyting vegna útgerðar 1982–1983.  
Greining heildarskuldbreytingar eftir skuldareigendum.*

	Í þús. kr.	Hlutfallstölur
Skuldbreyting v/bankaskulda . . . . .	339.829	67,7
Skuldbreyting v/ólúskulda . . . . .	38.025	7,3
Skuldbreyting v/annarra viðskiptaaðila þ.a. viðnaðar . . . . .	139.687 (43.202)	27,0 (8,3)
Samtals skuldbreyting . . . . .	517.541	100,0

Mjög mikil aukning varð á endurkeyptum lánnum framan af árinu 1983. Jukust þá endurkaup langt fram yfir almenna verðlagsviðmiðun. Mest varð aukningin um mitt árið 1983. Þannig var 12 mánaða aukningin 122% í júní, 116% í júlí og 115% í ágúst. Á haustmánuðum tók þó að hægja mjög á aukningu endurkaupa, þannig að hún varð 69% yfir allt árið. Mest varð aukningin í sjávarútvegi, þar jukust endurkaupin um 72% eða um nær 1200 m.kr. milli áranna 1982 og 1983. Endurkaup til landbúnaðar jukust um 64%, en til iðnaðar um 67%.

*Skipting endurkaupalána eftir atvinnuvegum og breyting milli  
áranna 1982 og 1983.*

	Staða í m.kr.		Breyt. milli ára í %		Hlutfallstölur	
	31/12/82	31/12/83	12/81– 12/82	12/82– 12/83	31/12/82	31/12/83
Sjávarútvegur . . . . .	1.659	2.847	119,2	71,6	58,3	59,3
Landbúnaður . . . . .	700	1.143	59,4	63,4	24,6	23,8
Iðnaður . . . . .	484	810	150,8	63,3	17,1	16,9
Annað . . . . .	1	1	-0,7	0,0	0,0	0,0

Góð reynsla hefur fengist af víxilkvótaviðskiptum innlánsstofnana við Seðlabankann, og er nú hátt á þriðja ár síðan þessi nýbreytni var tekin upp. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun víxilkvótaviðskipta eftir ársfjórðungum. Enn sem fyrr er það svo, að bankar nota víxilkvótann mun meira en sparisjóðir. Einnig er notkun víxilkvótanna mjög mismunandi eftir ársfjórðungum.

*Kvótavíxlar 1983.*

	Bankar			Sparisjóðir			Samtals		
	Láns- M.kr.	hámark	Notað	Láns- hámark	Nota	%	Láns- hámark	Notað	%
I. ársfj.	490,8	230,3	46,9	180,0	53,4	31,4	660,8	283,7	42,9
II. ársfj.	1.044,5	950,2	91,0	246,6	57,3	23,2	1.291,1	1.007,6	78,0
III. ársfj.	878,3	527,4	60,0	271,4	86,2	31,8	1.149,8	613,6	53,4
IV. ársfj.	1.135,7	1.045,9	92,1	271,4	200,1	73,7	1.407,1	1.246,0	88,6

Umsvif lánadeildar vegna verðbréfavíðskipta voru mikil á árinu.

Samkvæmt þeim reglum, sem Seðlabankinn setti 29. október 1982 um lausaskuldir banka og sparisjóða við Seðlabankann, voru keypt sérstök skuldabréf af innlánsstofnunum að fjárhæð 964 m.kr. Um seinustu áramót námu slík skuldabréf hjá Seðlabankanum alls 627,5 m.kr. Nánar verður vikið að þessum skuldabréfavíðskiptum í kafla-  
num um peningamál.

Á árinu keypti Seðlabankinn almenn skuldabréf að fjárhæð 952 m.kr., en sambærileg fjárhæð árið áður var 551 m.kr. Þegar hefur verið getið um kaup á skuldabréfum vegna skuldbreytingar útgerðar, en sú fjárhæð nam 219 m.kr. á árinu. Þar að auki ber að nefna kaup á skuldabréfi ríkissjóðs að fjárhæð 619 m.kr. og kaup á skuldabréfi vegna Áburðarverksmiðjunnar að fjárhæð 80 m.kr.

Á haustmánuðum varð ljóst, að vextir af endurkeyptum lánnum útflutningsatvinnuveganna voru orðnir tiltölulega mjög háir miðað við gengis- og tekjuþróun í ísl. krónum, enda breyttist meðalgengi ekkert frá maílokum út allt árið. Nauðsyn þótti því á að breyta fyrirkomulagi endurkaupa vegna útflutningsatvinnuveganna aftur í fyrra form gengisbundinna afurða- og rekstrarlána.

Á árunum 1979 til 1981 höfðu endurkaup vegna útflutningsframleiðslunnar verið bundin Bandaríkjadollar, og gafst það á margan hátt vel. Þó varð slík tilhögun illframkvæmanleg við það mikla gengissig, sem átti sér stað á árunum 1981 og 1982, og vegna mikillar lækkunar Evrópumynta á árinu 1981. Því var gengisbinding afurðalána felld niður formlega um áramótin 1981/1982.

Það var ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans í septembermánuði sl., að endurkaup vegna útflutningsafurða skyldu framvegis verða bundin við SDR (sérstök dráttarréttindi). Tók þessi nýbreytni gildi frá og með 21. september sl. Jafnframt var ákveðið, að vextir yrðu miðaðir við skráningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á SDR-vöxtum.

Árið 1983 var sjötta starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 4,2 m.kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 33 styrkjum samkvæmt umsóknnum, samtals að fjárhæð 2,06 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 22,8 m.kr.

## **Þjóðhátíðar- sjóður**

## **Nýbygging Seðlabankans**

Framkvæmdum við nýbyggingu bankans var haldið áfram á árinu samkvæmt áætlun. Öðrum áfanga, uppsteypu á bílageymslu Reykjavíkurborgar og undirstöðum og botnplötu bankans, lauk verktakinn,

Steintak hf., í mars. Þriðji áfangi, uppsteypa kjallara og jarðhæðar, var boðinn út í febrúar, og var samið við sama verktaka um framhaldið, en vinna við þennan verkþátt hófst í byrjun apríl og lauk í byrjun desember. Einnig var samið við Steintak hf. um að ljúka uppsteypu alls hússins og smíði á þökum að hluta, og á því verki að vera lokið um mitt ár 1984. Verulegur sparnaður náðist með því að tengja þessa tvo síðari verkþætti saman, en heildarupphæð þeirra var þannig 16% undir kostnaðaráætlun.

Þegar framkvæmdum verktakans við byggingu bílageymslu Reykjavíkurborgar lauk í byrjun ágúst, var hafist handa við að ljúka öðrum verkþáttum við bílageysluna, sem Seðlabankinn skyldi annast skv. samningi aðila. Enda þótt framkvæmdum væri ekki að fullu lokið, var bílageyslan afhent Reykjavíkurborg til afnota 15. desember, og var hún formlega opnuð af borgarstjóra sama dag að viðstöddum borgarráðsmönnum, bankastjórn og fleirum.

Heildarfjárfesting bankans vegna nýbyggingar, að frátöldu kaupverði lóðar, nam í árslok 84,9 m.kr., þar af nemur framkvæmdakostnaður á árinu 67,3 m.kr.

